SKÍÐABLAÐIÐ

SKIÐAVIKAN
2006 ISAFIRÐI

VAR ALDREI NEIN KVÖÐ

Rætt við Önnu Gunnlaugsdóttur

FYRIRMYNDIR MIKILVÆGAR

Rætt við Ástu Halldórsdóttur
og Daníel Jakobsson

Á SKÍDUM Í NOREGI

Æfingarferðir svigskíða- og
skíðagöngukrakka til Noregs

FRÁ KYNSLÓÐ TIL KYNSLÓÐAR

Rætt við hjónin Pál Sturlaugsson
og Emmu Rafnsdóttur

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Það skiptir ekki máli hvað þú færð mikið í fermingargjöf, heldur hvað þú gerir við það. Leggðu 20.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans og þú færð 5.000 kr. til viðbótar.

Þú gætir líka unnið: iBook fartölvu eða iPod nano

Hafðu samband og við ráðleggjum þér hvernig fermingarpeningarnir þínir eru best geymdir.



„Nú er maður bara orðinn fullorðinn."

Víðir Ólafsson, formaður Skíðafélags Ísfirðinga

ÖFLUGT STARF SKÍÐAFÉLAGS ÍSFIRÐINGA

Skíðafélag Ísfirðinga hefur haldið úti öflugu starfi í vetur. Annars er varla orðið hægt að tala um vetur eins og tíðarfarið hefur verið. Þó hefur verið hægt að halda þau mót sem sett voru upp í upphafi vetrar og meira að segja tók félagið að sér að halda eitt bikarmót sem halda átti sunnan heiða. Aðstaða til skíðaiðkunar gæti tæpast verið betri en hér, að því gefnu að nægur snjór sé til staðar. Það hefur þó verið þannig á köflum í vetur að snjó hefur vantað í neðri lyfturnar og iðkendur hafa orðið að renna sér ofan af Botnsheiði til þess að geta nýtt sér Miðfellslyftuna. Þetta hefur á köflum verið erfitt vegna færðar og þá einnig vegna mikillar hálku á gamla veginum upp á heiðina.

Þetta er að mínu mati verkefni sem þarf að leysa. Einhvern veginn hlýtur að vera hægt að tengja Miðfellslyftuna við aðkomuna að svæðinu í Tungudal. Það er ekki raunhæft að ætla að nýta gamla veginn upp á Breiðadals og Botnsheiði sem aðkomu að skíðasvæðinu í Tungudal til langframa. Á þeim tíma sem þessi leið er nýtt má einnig ætla að almenningur noti svæðið síður.

Þjónusta skíðasvæðins skilgreind og mótuð stefna til framtíðar

Í vetur var skipuð nefnd á vegum Ísafjarðarbæjar til þess að skilgreina þjónustu skíðasvæðisins og marka stefnuna fram á veginn. Bind ég miklar vonir við að tekið verði á þessum þáttum í starfi nefndarinnar. Eigandi og rekstraraðili skíðasvæðisins, Ísafjarðarbær, þarf að bregðast við og grípa til þeirra aðgerða sem þörf er á til þess að unnt verði að nýta svæðið í Tungudal. Ekki er forsvaranlegt að horfa á það ástand sem hefur verið ríkjandi undanfarna vetur. Við höfum haft þetta fína svæði í Miðfellinu en varla getað nýtt það vegna þess að aðgengið að svæðinu er erfitt.

FIS Nordic Ski Marathon Cup

Gönguskíðasvæðið á Seljalandsdal er án efa með betri svæðum á landinu til iðkunar gönguskíðaíþróttarinnar. Þar hefur verið öflugt starf í vetur, mótahald allt gengið eftir áætlun og allt gott um það að segja. Göngunefnd SFÍ hefur unnið að því að stofna nýja norræna gönguröð innan Alþjóðlega skíðasambandsins (FIS). Mótaröðin nefnist FIS Nordic Ski Marathon Cup. Fjórar göngur eru í röðinni og eru þær í Noregi, Finnlandi, Svíþjóð og Íslandi. Fossavatnsgangan á Ísafirði er fulltrúi Íslands. Þessi mótaröð er haldin í fyrsta skipti nú í vetur og er Fossavatnsgangan 29. apríl seinasta gangan í röðinni. Spennandi verður að fylgjast með hvernig þetta verkefni þróast.

Stjórn Skíðafélags Ísfirðinga vill bjóða alla velkomna á Skíðavikuna og vonast til þess að nú sem endranær verði bærinn fullur af fólki, nægur snjór í dölunum tveimur og líf í tuskunum.

„Ísafjarðarbær þarf að bregðast við og grípa til þeirra aðgerða sem þörf er á til þess að unnt verði að nýta svæðið í Tungudal.“

Skíðasvæðið í Tungudal. (Ljósm. Halldór Sveinbjörnsson)

SKÍÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA

SKÍÐABLAÐIÐ 2006

Útgefandi: Skíðafélag Ísfirðinga
Ábyrgðarmaður: Víðir Ólafsson
Ritstjórn: Margrét Halldórsdóttir og Sólrún Geirsdóttir
Auglýsingar: Pálína Vagnsdóttir
Forsíðumynd: Hrafn Snorrason
Hönnun: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir
Prentvinnsla: H-prent, Ísafirði

Stjórn Skíðafélags Ísfirðinga:
Víðir Ólafsson, formaður
Guðmundur Jens Jóhannsson, varaformaður
Þórunn Pálsdóttir, gjaldkeri
Alma Frímannsdóttir, ritari
Margrét Halldórsdóttir, meðstjórnandi
Sólrún Geirsdóttir, varamaður
Jóhann Bjarni Guðmundsson, varamaður

Heimasíða: www.snjor.is

SKIÐAVIKAN 2006 ISAFIRÐI

Framkvæmdastjóri Skíðvikunnar:
Hálfdán Bjarki Hálfdánsson

Heimasíða: www.skidavikan.is

Dagana 3. til 12. febrúar 2006 dvaldist hópur krakka frá Skíðafélagi Ísfirðinga við æfingar í alpagreinum í Geilo í Noregi. Alls voru þetta átta krakkar, 13 ára og eldri, en vegna snjóleysis á heimaslóðum brugðu þau á það ráð að fara til Noregs. Þar æfðu þau tvisvar á dag við bestu aðstæður og höfðu félagsskap af krökkum frá Akureyri sem stödd voru þarna í sömu erindagjörðum. Krakkarnir segja hér frá ferðinni.

Hópurinn nýkominn til Geilo. Frá vinstri: Elín, Anna María, Arna, Loftur Gísli, Ólöf Anna, Jón Guðni og Brynhildur. Á myndina vantar Ólaf Njál og Láka þjálfara.

SVIGSKÍÐAKRAKKAR Í NOREGI

Eins og bæjarbúar tóku eflaust eftir þá hvarf allur snjór á Ísafirði mjög skyndilega í endaðan janúar. Það kom sér alls ekki vel fyrir skíðaiðkendur þar sem vertíðin var í þann mund að hefjast og mót á næsta leiti. Var þá ákveðið með þriggja daga fyrirvara að æfingahópurinn hans Láka myndi fara í æfingaferð til Geilo í Noregi.

Við drifum okkur í dósasöfnun og gekk hún stórvel og viljum við þakka bæjarbúum fyrir stuðninginn. Einnig bárust okkur vænir styrkir frá Ísnum ehf. og Sparisjóði Vestfirðinga og þökkum við þeim einnig fyrir.

Svo hófst ferðalagið. Við hittumst öll á Ísafjarðarflugvelli föstudaginn 3. febrúar og tókum vél til Reykjavíkurborgar þar sem við gistum í heimahúsum yfir nóttina. Svo mættum við mismorgunglöð en full eftirvæntingar á Keflavíkurflugvöll eldsnemma morguninn eftir. Þá tók við þriggja tíma flugferð til Oslóar þar sem beið okkar þessi svakalega 70 manna rúta fyrir okkur öll níu, en þrátt fyrir fjögurra tíma keyrslu höfðum við það bara notalegt í rútunni. Loksins vorum við komin til Geilo! Þá fórum við að koma okkur fyrir á hótelinu sem við gistum á. Við gistum í litlum íbúðum, stelpurnar í einni og strákarnir og Láki í annarri. Þetta var hið fínasta hótel með sundlaug, gufubaði og góðri skíðageymslu þar sem við gátum preppað skíðin (þ.e. brýnt og brætt áburð á skíðin). Þegar við höfðum komið okkur fyrir könnuðum við bæinn, búðirnar og fólkið sem virtist skilja okkur þó við töluðum dönsku, íslensku og ensku í bland.

Einn af skóskúlptúrum Láka þjálfara.

Daginn eftir vöknuðum við eldsnemma og tókum skíðarútuna á skíðasvæðið þar sem við æfðum með Akureyringunum sem komu til Geilo nokkrum dögum á undan okkur. Æfingarnar stóðu oftast frá kl. 9 til 12 og kl. 13 til 15 eða 16, og tókum við þá skíðarútuna til baka eða löbbuðum ef við misstum af henni, sem var sem betur fer bara einu sinni. Eftir æfingar fórum við oftast í sund og svo í bæinn en stundum vorum við svo þreytt eftir langar og strangar æfingar að við lögðum okkur fram að kvöldmat. Nokkrum sinnum fórum við þó á kvöldæfingar sem voru þá annaðhvort tækniæfingar í stiga eða skíðaæfingar á hinu skíðasvæðinu sem var ofan við bæinn.

En þegar Akureyringarnir fóru heim breyttist planið, hvernig áttum við að koma stöngunum á æfingu? Nú voru ekki bílaleigubílarnir sem Akureyringarnir voru með. En Láki dó nú ekki ráðalaus og reddaði okkur þessum líka dýrindis bláa sendiferðabíl sem var við það að detta í sundur og þar tölum við í fúlustu alvöru. Til dæmis þurfti tvo eða fleiri til að opna hurðirnar og snúa þurfti stýrinu í fimm hringi fyrir eina litla beygju. Ekki má svo gleyma því að einn morguninn efaðist Láki um að koma honum í gang því úti var 20 stiga frost, en druslan dröslaðist í gang og gat komið okkur til og frá skíðasvæðinu þann daginn.

Margir vorkenna eflaust Láka fyrir að vera einn með okkur unglingunum allan liðlangan daginn, en við erum á öðru máli. Láki getur verið jafn erfiður og við! Hann tók meðal annars upp á því að endurraða skóm stelpnanna á mjög svo listrænan máta. Skórnir fóru að birtast ýmist

Skíðasvæðið í Geilo í Noregi.

upp á ljósakrónum, á hurðahúnum, á ofnum og á víð og dreif um gólfið. Stelpurnar kenndu strákunum að sjálfsögðu um, en annað kom á daginn, á enda ferðarinnar játaði Láki verknaðinn.

Alltof fljótt endaði þessi ferð, en óheppnin þó ekki því þegar við vorum á förum heim til Íslands frá hótelinu biðum við lengi eftir rútu sem átti að koma að sækja okkur. En allt kom fyrir ekki, rútan lét ekki sjá sig og við gerðum okkur líkleg til þess að labba uppá lestarstöð sem var löng og ströng ganga upp brekkur með allan okkar farangur sem vó að meðaltali 60 kg á mann. En þá hlakkaði í Óla, því hann hafði aldrei komið í lest áður!

En svo um það bil þegar við vorum að leggja í hann birtist þá ekki þessi flotti áætlanabíll sem rúntaði með okkur um alla Geilo í hálftíma í leit að farþegum, en síðan ók hann áleiðis til flugvallarins í Osló.

Að lokum komumst við svo heil og höldnu heim til Íslands í snjóinn og matinn hennar mömmu.

Hættan er liðin hjá ...over!

Hvað myndirðu gera ef aleigu þinni yrði stolið? Ef einhver myndi einfaldlega hreinsa út úr fataskápnum þínum, stinga iPodinum í vasann, taka fartölvuna þína, alla geisladiskana, bækurnar og meira að segja ógeðslegu styttuna sem frænka þín gaf þér í fyrra?

Ungt fólk gerir sér oft ekki grein fyrir að það á margra milljóna króna virði af alls kyns dóti. Heimilistryggingar eru ódýrar og bæta tjón á innbúi vegna bruna, vatns og innbrots. Það kostar til dæmis bara 4.007 krónur á ári að tryggja þriggja milljón króna innbú.*

Ekki klikka á að tryggja dótið þitt, því hversu lítið sem þú átt er dýrt að missa aleiguna... over!

Á www.vis.is getur þú reiknað út hvers virði innbúið þitt er.

* Miðað við að bíll sé ábyrgðartryggður hjá VÍS. Sjá nánar í skilmálum félagsins.

Vátryggingafélag Íslands
Ármúla 3 · 108 Reykjavík
Sími 560 5000 · vis.is

EKKI MISSA AF ÞESSU...

... á skíðavikunni 2006

SETNING SKÍÐAVIKU
Skíðavikan verður að venju sett á Silfurtorgi miðvikudaginn 12. apríl kl. 17.00. Lúðrasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar marserar frá Ísafjarðarkirkju að Silfurtorgi.

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
Gítarleikarinn og söngvarinn Þröstur Jóhannesson heldur útgáfutónleika í Hömrum miðvikudaginn 12. apríl kl. 20.30. Með honum stíga á stokk Gabríella Aðalbjörnsdóttir, Baldur Trausti Hreinsson, Ingvar Alfreðsson, Stefán Freyr Baldursson og kántrísveitin Unaðsdalur.

SALSANÁMSKEIÐ
Salsanámskeið fyrir pör og einstaklinga undir stjórn danskennarans Rossie úr Kramhúsinu. Námskeiðið fer fram í Edinborgarhúsinu fimmtudaginn 13. apríl kl. 12.30.

SKÍÐASKOTFIMI Á SELJALANDSDAL
Íslandsmeistaramót í skíðaskotfimi á Seljalandsdal fimmtudaginn 13. apríl kl. 14.00. Mótið var haldið í fyrra í fyrsta sinn eftir nokkurt hlé og þótti takast einstaklega vel. Ef allt gengur eftir verður mótið að þessu sinni haldið á Seljalandsdal þar sem aðstaða til skíðagöngu þykir hin besta.

EINLEIKURINN GÍSLI SÚRSSON
Einleikurinn Gísli Súrsson verður sýndur á Hótel Ísafirði fimmtudaginn 13. apríl kl. 21.00. Gísli ætlar alla leið í súrinn að þessu sinni og verður gestum boðið upp á vestfirskan súrmat og harðfisk að hætti SKG-veitinga með einleiknum.

KYNNING Á DRAUMALANDINU
Rithöfundurinn Andri Snær Magnason heldur fyrirlestur um nýútkomna bók sína Draumalandið – sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð. Fyrirlesturinn, sem vakti mikla lukku í Borgarleikhúsinu í Reykjavík, verður haldinn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði föstudaginn 14. apríl kl. 17.00.

DIMMALIMM
Kómedíuleikhúsið sýnir einleikinn Dimmalimm sem notið hefur mikilla vinsælda meðal barna um land allt. Leikurinn er byggður á samnefndu ævintýri eftir Mugg og hefur notið gífurlegra vinsælda allt frá því ævintýrið kom fyrst út á bók árið 1942. Einleikurinn er sýndur laugardaginn 15. apríl kl. 14.00 í Hömrum.

ALDREI FÓR ÉG SUÐUR
Aldrei fór ég suður – Rokkhátíð alþýðunnar þar sem mætast vestfirskir og aðkomnir tónlistarmenn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Þeir sem fram koma eru ýmist verðlaunum hlaðnir eða óþekktir með öllu. Ókeypis er á þessa miklu rokkveislu sem hefst kl. 15.00 og stendur fram til kl. 02.00

DANSLEIKUR MEÐ JET BLACK JOE
Stórdansleikur með hljómsveitinni Jet black Joe í Félagsheimilinu í Hnífsdal laugardaginn 15. apríl frá kl. 00.00 til 04.00.

SKÍÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA ÞAKKAR EFTIRTÖLDUM AÐILUM STUÐNINGINN

JAKOB VALGEIR ehf.
Grundarstíg 5 • 415 Bolungarvík
Sími: 456 7584 • Fax: 456 7074 • Netfang: jakobvalgeir@simnet.is

ÍSLANDSSAGA
Freyjugötu 2, 430 Suðureyri • Sími 456 6300, fax 456 6304

BÍLAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR
Sindragötu 3, 400 Ísafirði • Sími 456 4444, fax 456 3837

olís
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 515 1000
Fax: 515 1010
www.olis.is

Hárkompaní
sími 456 6363
Silfurtorg
Sími 456 3210
Silfurgötu 1, 400 Ísafirði

VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.
Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði • Sími 456 3708 • www.vst • vstis@vst.is

G7 ehf.
BYGGINGAVERKTAKI
Sindragata 11, 400 Ísafirði • Sími 456 4540

SKÓVERSLUN LEÓS
Hafnarstræti 5, 400 Ísafirði • Sími 456 3011

PÓLLINN ehf.
Aðalstræti 9, 400 Ísafirði • Sími 456 3092

BLÓMATURNINN
Blóma- og gjafavöruverslun
Austurvegi 2, 400 Ísafirði • Sími 456 5397

HARÐFISKVERKUN EINARS GUÐBJARTSSONAR
Drafnargötu 6, 425 Flateyri, sími 456 7671 og 863 7671

VÉLSMIÐJA ÍSAFJARÐAR
Sundahöfn, 400 Ísafirði • Sími 456 3910

LÍKKISTU- OG SMÍÐAÞJÓNUSTA ARNÓRS
Skipagötu 17, 400 Ísafirði
Sími 456 4143 • Netfang: addomagg@simnet.is

RAFJÓN ehf.
Suðurtanga 7, 400 Ísafirði • Sími 456 4742, fax 456 4743

STÁL OG HNÍFUR EHF
Slægingar og flökunarþjónusta
Sindragötu 11, Ísafirði • Sími 456 3430

Ökuskóli Vestfjarða
Auður Yngvadóttir 893 5478 • Gunnar Hallsson 696 7316 • Kristján Rafn Guðmundsson 892 0477

Hellur - Margir vöruflokkar verð á www.asel.is

**Nú er rétti tíminn til að klippa.
Við sjáum um klippingar
á hekki og trjám.**

**Hellulagnir - pantið tímanlega
Flotgólf - þarftu að rétta af gólf ?
Múrverk - vegghleðslur
inniveggir -útiveggir.**

**Komið og skoðið úrvalið hjá okkur að
Sindragötu 27 Suðurtanga
www.asel.is**

Ásel
Garðvinna•múrverk•plöntur•hellusteypa
Sími: 456 4200

MINNINGARKORT

Minningarsjóðs Fjórðungssjúkrahússins
á Ísafirði um Úlf Gunnarsson, yfirlækni

Kortin fást á eftirtöldum stöðum:

- FSÍ, afgreiðsla, sími 450 4500, alla virka daga kl. 8–16.
  Hægt er að greiða símleiðis með gíró eða greiðslukorti
- Bókaverslun Jónasar Tómassonar, Ísafirði.
  Opið á virkum dögum kl. 9–18 og laugardaga kl. 10–12.
- Blómaturninn, Ísafirði. Opið virka daga kl. 10–18,
  laugardaga kl. 10–18 og á sunnudögum kl. 13–16.

Minningarsjóðurinn er notaður til tækjakaupa fyrir sjúkrahúsið

Lágmarksgjald v/kostnaðar er 500 kr.

GOSPELKÓR VESTFJARÐA

Æfingar laugardaga frá kl. 11:00 til 13:00
í Barnaskólanum í Hnífsdal

Nánar upplýsingar gefur Pálína Vagnsdóttir í síma 898 6489

STUDEO DAN

Hafnarstræti 20, Ísafirði • Sími 456 4022

OPIÐ UM PÁSKANA

SKÍRDAG	KL. 10—16
FÖSTUD. LANGI	LOKAÐ
LAUGARDAG	KL. 10—16
PÁSKADAG	LOKAÐ
2. PÁSKADAG	KL. 10—16

BLIKK
BLIKKSMIÐJA ehf

BLIKKSMIÐJA • EFTIRLIT LOFTRÆSTIKERFA

**Árnagötu 1 • Pósthólf 135 • 400 Ísafjörður
Sími: 456 5550 • Fax: 456 5551 • Farsímar: 864 6550 og 864 6551**

NÝBÖKUÐ BRAUÐ OG KÖKUR

Opnunartími:

Virka daga	kl. 7 – 18
Laugardaga	kl. 7 – 16
Skírdag	kl. 7 – 16
Annar í páskum	kl. 8 – 16

Velkomin á Skíðaviku 2006

Gamla bakarríið
Aðalstræti 24 • Sími 456 3226 GAMALT EN SÍUNGT

Sólrún Geirsdóttir ræðir við Önnu Gunnlaugsdóttur

VAR ALDREI NEIN KVÖÐ

– Sannfærð um að áhugi og stuðningur foreldra skiptir miklu máli

Anna Gunnlaugsdóttir er kona sem allir kannast við sem komið hafa nálægt skíðaíþróttinni á Ísafirði síðustu áratugi. Skíðablaðið leitaði til hennar sem „skíðaforeldris“ en í dag væri líklega betur við hæfi að kalla hana „skíðaömmu“. Anna fæddist og ólst upp á Árskógsströnd í Eyjafirði en kom til Ísafjarðar sem ung stúlka til að stunda nám í Húsmæðraskólanum Ósk. Eins og fleiri góðar konur ílentist Anna á Ísafirði þar sem hún kynntist manninum sínum, Ólafi Njáli Guðmundssyni, sem lést árið 1989. Börn þeirra eru fjögur og öll búsett á Ísafirði, þau Guðjón, Freygerður, Hanna Mjöll og Heiða Björk.

Í sól og blíðu á Seljalandsdal, frá vinstri: Ólöf Anna, Anna, Benni og Brynhildur.

Börnin smituðust af áhuga föðursins

Systkinin stunduðu öll skíði á yngri árum og eru í dag virk í foreldrastarfi Skíðafélagsins, nema Heiða sem enn á mjög lítil börn. Nú eru það barnabörnin hennar Önnu sem eru á fullu á skíðunum. Það eru þau Anna María, Anton Helgi og Elías Ari, börn Guðjóns og Jónu Hólmbergs, Ólöf Anna og Brynhildur, dætur Freyju og Benna Hermanns og Óli Njáll, Hafrún og Ásthildur, börn Hönnu Mjallar og Jakobs Tryggva. Svo eiga Ásgeir Óli og Lilja Björg, börn Heiðu og Kristjáns eflaust eftir að bætast í hópinn innan tíðar.

Anna Gunnlaugsdóttir.

Allan þann tíma sem börn Önnu æfðu skíði var hún löngum stundum á Dalnum og fylgdi þeim einnig eftir í keppnisferðum. En hvenær byrjuðu þau hjónin að fara með börnin á skíði?

„Guðjón hefur líklega verið níu ára þegar hann fór fyrst að æfa og svo fylgdu stelpurnar í kjölfarið,“ segir Anna. „Ástæðan fyrir því að skíðin urðu fyrir valinu var sú að Óli var skíðamaður, enda uppalinn á Ísafirði. Skíðin voru alla tíð áhugamál hans. Börnin smituðust af áhuga föður síns og að sjálfsögðu dreif ég mig með, þótt ég hafi ekki kynnst skíðunum fyrir norðan nema þá sem samgöngutæki til að komast leiðar sinnar að vetrinum.“

Aðspurð hvers vegna þau hjónin voru svo dugleg að fylgja börnunum eftir á skíðunum, segir Anna það hafa verið vegna útiverunnar og samverunnar. „Mér fannst líka alla tíð mikilvægt að taka þátt í því sem börnin voru að gera og geta rætt við þau um áhugamál þeirra.“

Fjölskyldan saman allar helgar á skíðum

Þau hjónin fylgdu börnunum ekki bara þegar þau voru að keppa, allar helgar var fjölskyldan saman á skíðum. Á sumrin var svo farið í fjallgöngur, berjamó og alls kyns ferðir, styttri eða lengri. Enn í dag fer fjölskyldan öll saman í slíkar ferðir á hverju sumri og allir fara með, jafnt litlu börnin sem unglingarnir.

„Hér áður fór vikan meira og minna í að skipuleggja helgina. Ég vann alltaf úti og vinnudagur Óla var langur og óreglulegur. Virku dagarnir voru notaðir í að kaupa nesti, baka og undirbúa, klára húsverkin o.þ.h. til að hægt væri að vera með börnunum á Dalnum um helgar. Þetta kom af sjálfu sér, var aldrei nein kvöð.“ Anna segist ekki sjá betur en að þetta sé svipað hjá börnunum hennar. Enda eru bæði börnin og tengdabörnin mjög virk í foreldrastarfi Skíðafélagsins í dag.

Ekki gert af skyldurækni, heldur áhuga

Anna er sannfærð um að áhugi og stuðningur foreldra við íþróttaiðkun barna þeirra skipti miklu máli. Ástæðurnar fyrir því hve börnin hennar eru virk í foreldrastarfinu í dag segir hún geta verið uppeldislegar. „Þau kynntust því að sjálfsagt væri að foreldrar fylgdu börnunum eftir og tækju þátt í áhugamálum þeirra. Þau vöndust því líka að þetta væri eðlilegasti hlutur, ekki gert af skyldurækni, heldur áhuga.“

Anna segist vilja trúa því að íþróttir hafi talsvert forvarnagildi. „Ég hef áhyggjur af öllu því sem glepur unglinga nú til dags og tel mikla þörf á forvörnum. Þar gegna foreldrar að sjálfsögðu lykilhlutverki. Þeir þurfa að hafa skýrar reglur en jafnframt að vera félagar barnanna sinna og vera tilbúnir að hlusta og leiðbeina þegar þess gerist þörf.“ Börn Önnu bjuggu alla tíð við ákveðinn aga og gegndu

LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA

Lífeyrissjóðirnir eru tvímælalaust eitt af óskabörnum íslensku þjóðarinnar.
Í heild mynda sjóðirnir lífeyriskerfi sem landsmenn eru stoltir af og vekur aðdáun erlendis

Þrennt einkennir lífeyrissjóðina:

Sjóðasöfnun: Við leggjum saman í sjóð sem er ávaxtaður til að greiða okkur öllum lífeyri til æviloka. Þannig er lífeyrir framtíðarinnar tryggður með traustum sjóði fremur en vaxandi skattbyrðum á afkomendur okkar.

Samtrygging: Aðild að lífeyrissjóði tryggir þér verðtryggðan lífeyri til æviloka. Með samábyrgð og þátttöku allra tryggjum við einnig lífeyri til þeirra sem verða fyrir áföllum vegna slysa eða sjúkdóma.

Skylduaðild: Aðild að lífeyrissjóðum er skylda samkvæmt landslögum.

Með lífeyrissjóðum leggjum við grunninn að fjárhagslegu öryggi okkar allra, alla ævi.

Lífeyrissjóðirnir veita þér og þínum nánustu aukið öryggi.

Lífeyrissjóður Vestfirðinga skilaði mjög góðri ávöxtun á árinu 2005, raunávöxtun varð 17,6% sem er besta ávöxtun sjóðsins frá stofnun hans. Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 4,2 milljarða sem er 24% hækkun milli ára.



LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA
Hafnarstræti 9-13 • 400 Ísafjörður • Sími: 456 4233 • Fax: 456 4710 • Netfang: afgr@lvest.is

SKÍÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA ÞAKKAR EFTIRTÖLDUM AÐILUM STUÐNINGINN

TÆKNIÞJÓNUSTA Vestfjarða
Aðalstræti 26, 400 Ísafirði • Sími 456 3902, fax 456 5097

ORKUBÚ VESTFJARÐA
Sími 450 3211
www.ov.is

Íslandspóstur hf
Hafnarstræti 9, 400 Ísafirði • Sími 456 5000

MJÓLKURSAMLAG ÍSFIRÐINGA
Sindragötu 2, 400 Ísafirði
Sími: 456 3251, fax: 456 3933

EFNALAUGIN ALBERT ehf
Pólgata 4 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4670

ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG VESTFJARÐA
Árnagötu 2-4, 400 Ísafirði
Sími 450 3000, fax 450 3005

SJÓVÁ ALMENNAR
Við Silfurtorg, 400 Ísafirði • Sími 440 2430, Fax 440 2435

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Miðstöð símenntunar og háskólanáms á Vestfjörðum
Eyrargötu 2–4, 400 Ísafirði • Sími 456 5025, fax 456 5066

LÖGSÝN EHF.
Lögfræðiþjónusta
HAFNARSTRÆTI 1
400 ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4577
FAX 456 3147

FJARÐANET
Strandgötu 1, 740 Neskaupstað. Sími 470 0800
Veiðafæragerð og Gúmmíbátaþjónusta Ísafirði

TRÉSMIÐJAN ÍSAFIRÐI ehf
Sindragötu 11, 400 Ísafirði • Sími 456 3622

lev LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR VESTFJÖRÐUM EHF.
Aðalstræti 24, 400 Ísafirði • Sími 456 4066

KNH
Grænagarði 4 • 400 Ísafirði
Sími 456 3095 • Fax 456 3119
Netfang: kubbur@netos.is / knh@netos.is

ÞRYMUR HF.
– Vélsmiðja
Suðurgötu 9, 400 Ísafirði • Sími 456 3711

WWW straumur
Sindragötu 12b, 400 Ísafirði • Sími 456 3321

KONUR MENN
HAFNARSTRÆTI 9 – 13
400 ÍSAFIRDI
SÍMI 456 0201

RÖRTÆKNI ehf
VERSLUN
PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
SINDRAGATA 12b. Sími: 456 3345

FISKMARKAÐUR FLATEYRAR
Sími: 456 7818 • Fax: 456 7817
Heimasíða: www.flateyri.com
Guðbjartur Jónsson

NetHEIMAR
Aðalstræti 27, 400 Ísafirði Sími 456 5006
netheimar@netheimar.com www.netheimar.com

Mánagötu 5, 400 Ísafirði
Sími: 456 4141, fax: 456 5146
Netfang: fmg@snerpa.is
Heimasíða: gistihús.is
FMG
FERÐAÞJÓNUSTA MARGRÉTAR OG GUÐNA

HAFNARBÚÐIN
Hafnarhúsinu á Ísafirði
Sími 456 3245

SKÓHORNIÐ BIMBÓ
Aðalstræti 24, 400 Ísafirði • Sími 456 4323

ELVAR INGASON ehf
MÁLARAMEISTARI
Sími 561 6204 • Gsm 898 2584

GNA
Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík • Sími 456 7200

VÉLSMIÐJAN ÞRISTUR
Sindragötu 8 400 Ísafirði Sími 456 4750

Miðfell hf.
Rækjuvinnsla / Shrimps processing
Sindragötu 1, 400 Ísafirði • Sími 450 4000

LÖGFRÆÐISKRIFSTOFA TRYGGVA GUÐMUNDSSONAR
Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði • Sími 456 3244 • www.tg.is

Anna og Óli ásamt börnum sínum, Guðjóni, Heiðu Björk, Hönnu Mjöll og Freygerði, á jólum 1988.

vissum skyldum á heimilinu.„Þau byrjuðu snemma að bera út blöð og vinna sér inn vasapeninga. Þau vöndust því ekki að fá allt fyrirhafnarlaust upp í hendurnar. Þetta er öllum hollt og má geta þess að blaðburður fylgir fjölskyldunni enn í dag," segir Anna hlæjandi.

Samstaða mikilvæg

Meðal þeirra gilda sem Anna telur mikilvæg og reyndi að kenna börnum sínum og vill einnig miðla barnabörnunum, eru heiðarleiki og virðing fyrir sjálfum sér og öðrum.

„Það er mikilvægt að fullorðna fólkið sé jákvætt í garð samfélagsins og samborgaranna, hvort sem um er að ræða skóla, íþróttir, stjórnun bæjarfélagsins eða hvaðeina. Fólk sem vinnur saman t.d. í foreldrastarfi eins og hjá Skíðafélaginu verður að sýna samstöðu. Auðvitað er aldrei svo að öllum líki. En það er skiptir miklu máli að börnin finni að menn vinni saman af heilindum og að foreldrar séu ekki að sinna starfinu af skyldurækni heldur vegna ánægjunnar."

Reyni að vera félagi barnanna

Anna segist ekki taka þátt í skíðastarfinu lengur, nema hvað hún fylgist með barnabörnunum. Henni finnst mikilvægt að fá að taka þátt í lífi og starfi barnanna og barnabarnanna. Þá er hún þakklát fyrir það hve gott samband hún á við barnabörnin sem sækja mikið til hennar af eigin hvötum. Þau eru hænd að ömmu sinni enda leggur hún sig fram um að fylgjast með þeim, ekki bara á skíðum. Hún hefur til dæmis fylgt þeim á mörg fótboltamót.

„Ég reyni að vera félagi barnanna. Enn gilda vissar reglur á heimilinu, þau vaða ekkert uppi. En mest er um vert að gefa af sér." Anna segist oft slá á létta strengi við þau, það er ekkert verið að predika en þau vita að þau geta alltaf leitað til hennar og gera það líka.

Aðkoma Önnu að skíðaíþróttinni hefur undanfarið helst falist í því að passa yngstu börnin svo hinir kæmust á skíði og svo að taka á móti svöngu skíðafólki í lok skíðadags. Henni finnst ekki mikið hafa breyst síðan hún var í hlutverki „skíðaforeldris", það sé einna helst að kostnaðurinn við íþróttaiðkunina hafi aukist, en kannski sé hún bara farin að gleyma hvernig þetta var.

Ævintýri á Andrésar andarleikunum

Þegar Anna er beðin um að rifja upp góða sögu úr skíðastarfinu kemur ýmislegt upp í hugann, flest tengt Andrésar andarleikunum en þangað fór Anna sex eða sjö sinnum og Óli enn oftar.

„Stundum tóku mömmurnar sig saman og útbjuggu einkennisklæðnað á liðið. Mér eru minnisstæðar röndóttar húfur sem einu sinni voru prjónaðar. Húfurnar voru með dúskum og var verið að búa þá til og festa á húfurnar í fluginu á leið til Akureyrar, í leiðinda veðri."

Alltaf var gist í Lundaskóla þar sem Ísfirðingarnir höfðu tvær stofur til umráða en alls héldu nokkur hundruð manns til í skólanum.

„Þetta var mikil upplifun fyrir krakkana, þau kynntust krökkum alls staðar að af landinu. Oft var mikið fjör og stundum erfitt að halda utan um hópinn. Einu sinni skall á brjálað veður meðan hópurinn var uppi í fjalli. Allir voru bundnir saman með böndum og skíðastöfum til að enginn týndist á leiðinni niður í rútu. Fullorðna fólkinu létti mjög þegar komið var í rútuna og búið að telja hausana og komast að því að allir væru með.

Einu sinni var verið að búa um og Palli Stull fann ekki svefnpokann sinn hvernig sem hann leitaði. Hann var farinn að halda að pokinn hefði orðið eftir heima. Þá hafði einhver falið pokann í kælikistu sem þarna var og var ansi kalt hjá Palla að skríða ofan í pokann," rifjar Anna upp.

Foreldrarnir sem Anna og Óli áttu mest samskipti við í skíðastarfinu voru Emma og Palli, Adda og Bergmann, Sibba og Gunnar og einnig Kiddý. Hjá þeim var oft glatt á hjalla og aldrei neitt nema gleði í kringum hópinn.

Sterkar taugar til Skíðafélagsins

Það er augljóst að Anna vill afkomendum sínum allt það besta. Þau eru þeirrar gæfu aðnjótandi að eiga gott samband og verja miklum tíma saman. Taugar Önnu til Skíðafélagsins eru einnig sterkar enda á hún aðeins góðar minningar úr starfinu þar.

Skíðafélagið þakkar Önnu fyrir skemmtilegt spjall og óskar henni og hennar fólki velfarnaðar í framtíðinni. Það er ekki hægt annað en að smitast af jákvæðni þessarar konu og vonandi taka sem flestir foreldrar sér hana til fyrirmyndar í starfi með börnunum sínum, hvort heldur er á skíðum eða í einhverju öðru.

Barnabörnin hennar Önnu. Efri röð f.v: Brynhildur, Anton Helgi, Ólafur Njáll, Ólöf Anna og Anna María. Neðri röð f.v: Hafrún, Elías, Ásgeir Óli með Lilju Björgu, og Ásthildur.

Barnabörn Önnu í Naustahvilft á björtum sumardegi. F.v: Ólafur Njáll, Elías, Hafrún, Anton Helgi og Anna María.

Sigríður Dögg Auðunsdóttir ræðir við Ástu Sigríði Halldórsdóttur og Daníel Jakobsson

FYRIRMYNDIR MIKILVÆGAR

„Félagið verður að setja sér það markmið að eiga alltaf einhvern Ólympíufara“

Ásta Sigríður Halldórsdóttir og Daníel Jakobsson eru meðal mestu afreksmanna sem Ísfirðingar hafa átt. Frá unga aldri og langt fram á þrítugsaldur miðaðist líf þeirra allt út frá skíðaiðkun. Þau fluttu bæði til Svíþjóðar, Daníel 17 ára og Ásta þegar hún var um tvítugt, þar sem aðstaða til skíðaþjálfunar er mun betri en best gerist hér á landi og bjuggu um hríð í sömu götu. Þau kepptu fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikum og náðu árangri sem fyllti landa þeirra stolti.

Enn í dag eiga skíðin hug þeirra allan þrátt fyrir að þau stundi þau nú einungis til gamans. Þau eru þó sammála um að skíðin séu þeim miklu meira en áhugamál. Þau eru lífsstíll. En hvernig hófst þetta allt hjá þeim?

Daníel: „Ég byrjaði að æfa svig um fimm ára en hætti þegar ég þurfti að fara upp á fjórða staur í efri af því að ég er svo lofthræddur. Þá fór ég að stunda gönguskíði. Það var eiginlega dálítið fyndið hvernig það byrjaði allt saman. Bræður mínir voru að æfa gönguskíði og man ég eftir gönguæfingu á fótboltavellinum þegar Þröstur Jóa bauð mér að standa aftan á gönguskíðunum sínum niður brekkuna frá Seljalandsveginum niður á fótboltavöll. Þegar ég kom heim af þeirri æfingu var ég kolfallinn fyrir gönguskíðunum og hringdi í ömmu og sagðist ekki vilja stretsbuxur í jólagjöf heldur göngugalla.“

Daníel Jakobsson með sín fyrstu verðlaun á Vestfjarðarmóti 1984. Með honum á myndinni eru Unnar Hermannsson (t.v.) og Vagn Leví Sigurðsson.

Ásta: „Ég fór fyrst á skíði svona þriggja til fjögurra ára og byrjaði að keppa á skíðum sex ára. Það voru aldrei neinar reglulegar skíðaæfingar í Bolungarvík fyrr en ég var ellefu ára. Ári seinna var svo lítill snjór að ég byrjaði í raun ekki að æfa fyrr en ég var þrettán ára þegar ég fór að æfa á Ísafirði. Ég var hins vegar alltaf á skíðum og átti í raun heima í fjallinu. Skíði voru líf mitt frá því að ég var um sex ára og ég keppti til dæmis fyrst á Andrésar andarleikunum þegar ég var átta ára.“

Hversu mikilvægur var stuðningur foreldra ykkar?

Ásta: „Ég hefði aldrei getað stundað skíði án stuðnings foreldra minna. Pabbi og mamma voru mér mjög mikilvæg. Pabbi var algjörlega mín stoð og stytta í að keyra mig á æfingar inn á Ísafjörð og sótti mig þangað til ég fékk sjálf bílpróf. Svo smurði mamma nestið og sá um andlegan undirbúning enda keppnismanneskja sjálf. Ég átti því mikinn stuðning að heiman þó svo að þau væru kannski ekki endilega að spá í hvernig skíðin ættu að snúa eða hvernig brautirnar litu út. Það var mjög mikilvægt enda skiptir stuðningur sem þessi meira máli heldur en að foreldrarnir séu að velta því of mikið fyrir sér hvað fer fram á æfingunum sjálfum, svo lengi sem börnunum líður vel þar.“

Daníel: „Ég tek undir þetta. Flestir krakkarnir sem ég var að æfa með áttu foreldra sem höfðu verið á skíðum en það átti ekki við um mig. Margir þjálfarar segja til að mynda að foreldrar geti verið stærsta vandamálið við æfingarnar því þeir skipta sér svo oft mikið af þjálfuninni og eru jafnvel að reyna að lifa sína drauma í gegn um börnin sín. Þetta átti ekki við um foreldra mína. Ég man til að mynda vel eftir því þegar ég varð Vestfjarðameistari í fyrsta sinn. Þá var mikil hátíð upp í Skíðaskála á sunnudagskvöldi og ég fékk bikar. Ég átti hins vegar alltaf að vaska upp heima hjá mér á sunnudögum og þegar ég kom heim af verðlaunaafhendingunni beið uppvaskið eftir mér. Það fannst mér hrikalega sárt þá en í dag skil ég hvað vakti fyrir þeim.

Systurnar Margrét og Ásta Halldórsdætur, 6 og 7 ára gamlar, á skíðum.

Ég fékk hins vegar mjög nauðsynlegan stuðning. Pabbi var í starfi sem var þess eðlis að foreldrar mínir komu mjög sjaldan til að

horfa á mig keppa en voru bensínið þegar ég þurfti bensín og bremsan þegar ég þurfti þess við. Við vorum þó nokkrir krakkar í götunni sem vorum að æfa og pabbi var alltaf sá sem skutlaði okkur öllum á æfingar."

Á skíðaiðkun ykkar stóran þátt í því hvernig þið hagið lífi ykkar í dag?

Ásta: „Skíðaiðkunin hefur haft mikil áhrif á hvernig ég lifi mínu lífi í dag og hefur veitt mér jákvæða uppbyggingu á margan hátt. Starf mitt sem stoðtækjafræðingur byggir mikið á mannlegum samskiptum og í gegnum skíðin lærði ég sjálf heilmikið hvernig maður tekst á við sigra og ósigra. Ég lærði að setja mér markmið og að hafa þau raunhæf, að ná markmiðum og takast á við það þegar ég náði ekki markmiðunum sem ég hafði sett mér, sem var oft. Þetta er eins og lífið er."

Daníel: „Ég segi það sama, allt snýst um markmið. Maður hefur ekki á neinn annan að stóla en sjálfan sig þegar út í brautina er komið. Ég lagði til að mynda mjög mikla áherslu á þessa reynslu mína þegar ég fór að fara í atvinnuviðtöl en held að þeir sem voru að taka viðtölin hafi ekki gert sér grein fyrir mikilvægi þessarar reynslu minnar."

Ásta og Daníel bjuggu í sömu götunni þar sem þau voru að æfa í Svíþjóð fyrir Ólympíuleikana 1994. Ásta stundaði háskólanám samhliða og hafði lokið menntaskólanámi á Ísafirði áður en hún fór út. Daníel fór út áður en hann kláraði menntaskóla og lauk stúdentsprófinu í Svíþjóð. Hefðu þau viljað gera hlutina öðruvísi?

Ásta: „Ég fór í menntaskóla á Ísafirði og er mjög ánægð með þá ákvörðun og fegin að það var í boði á heimaslóðum að taka skíðaval. Í staðinn varð ég reyndar um tveimur árum á eftir jafnöldrum mínum í Skandinavíu skíðalega séð þegar ég fór út að æfa, því ég skíðaði sennilega helmingi minna á þessum fjórum vetrum en ég hefði gert ef ég hefði verið í námi og á æfingum erlendis. Ég fór síðan út í háskóla og fannst það mjög gefandi og góður tími. Ég fann mig samt ekki í náminu því skólinn bauð ekki upp á kennslu í því sem mig langaði mest til þess að læra. Ég var búin að prófa einhverjar fjórar námsbrautir og fór ekki að læra stoðtækjafræði, sem ég starfa við í dag, fyrr en eftir að ég hætti á skíðum."

Daníel Jakobsson á Vestfjarðarmóti í kringum 1985. Með honum á myndinni er Bjarni Brynjólfsson.

Daníel: „Ég hefði átt að fara sömu leið og Ásta og fara strax í háskólanám þótt ég hefði þurft að draga aðeins úr æfingunum á meðan. Ég kláraði menntaskóla í Svíþjóð ásamt því að vera að æfa en fór ekki í háskóla fyrr en eftir að ég hætti á skíðunum. Lífsgæðakapphlaupið er orðið það mikið að mér fannst ég vera kominn langt á eftir jafnöldrum mínum að vera ekki með neina aðra menntun 25 ára. Ég valdi hins vegar að einbeita mér að skíðunum."

Hverjar voru stærstu stundir ferils ykkar?

Ásta: „Seinni Ólympíuleikarnir voru einna eftirminnilegastir á ferlinum. Ég var mjög ánægð með þann árangur sem ég náði þar. En svo eru minni sigrar eftirminnilegri, til að mynda þegar ég vann fyrsta Íslandsmeistaratitilinn."

Daníel: „Einn eftirminnilegasti sigur minn var þegar ég var fimmtán ára og Einar Óla var fluttur aftur heim og var að þjálfa okkur. Á fyrsta bikarmóti vetrarins var ekki keppt í 15–16 ára flokki svo að Einar vildi senda mig á mótið til að taka þátt í 17–19 ára flokki. Ég var á yngra ári nýkominn upp úr 13–14 ára flokki og mamma og pabbi voru mjög ósátt við að ég færi. Einar sannfærði þau hinsvegar að lokum um að ég ætti að fara. Öllum á óvörum, nema kannski Einari, vann ég mótið með miklum yfirburðum. Ég var mjög ánægður með þetta og fannst gaman hvað allir voru hissa á að einhver gelgja að vestan næði að vinna mótið."

Ásta 11 ára gömul á Andrésar andarleikum. Með henni á myndinni er Ágústa Jónsdóttir frá Ísafirði.

Ásta á Skíðalandsmóti Íslands á Seljalandsdal árið 1987 þar sem hún vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil fullorðinsflokki, 16 ára gömul.

Hvað varð til þess að þið tókuð þá ákvörðun að hætta á skíðum?

HEKLA®
Söluumboð á Ísafirði
Nýir bílar Bílaþing notaðir bílar
Audi
SKODA AUTO
MITSUBISHI MOTORS
H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf.
Þjónusta í heimabyggð frá 1983
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Fax 456 4610 • Kt. 580196-3229 • Vsk nr. 49245 • Netfang hekla.vestfj@netos.is

Ásta Halldórsdóttir ásamt norsku landsliðsstúlkunum Tude Gimle og Trine Bakka á móti í Tungudal vorið 1995 en það var síðasta mótið á Ísafirði sem Ásta keppti á.

Daníel Jakobsson á Skíðalandsmóti á Akureyri árið 1998, ári eftir að hann hætti keppni.

Ásta: „Ég hefði viljað halda áfram lengur en aðstæður voru orðnar þannig að ég var farin að þurfa mikinn fjárhagslegan stuðning frá Íslandi. Ég var komin það langt að þetta var orðið mjög dýrt. Það bakland var ekki fyrir hendi á Íslandi í þá daga. Góðviljað fólk að vestan var að styrkja mig en það var bara ekki nóg. Þetta var spurning um hvort það væri þess virði að stofna sér í töluverðar skuldir til að geta æft og eiga svo eftir að fara í háskólanám með tilheyrandi námslánum."

Daníel: „Fyrst og fremst var ég ekki tilbúinn til að leggja það á mig sem þurfti til að reyna að komast á næsta þrep í getu. Það hefði kostað enn meiri æfingar, ferðalög og kostnað. Það var líka margt annað sem mér fannst spennandi og ég vildi fara að mennta mig og kærastan var heima á Íslandi. Þá er auðvelt að sjá bara það neikvæða og það er í raun enginn sem hvetur mann til að halda áfram. Í dag sé ég stundum eftir að hafa hætt svona ungur. En ég held samt sem áður að ákvörðunin hafi verið rétt. Áhuginn var einfaldlega ekki til staðar til að leggja það á sig sem þurfti. Því miður."

Ásta: „Ég hef talað við íþróttamenn úr öðrum greinum sem eru sammála um að það eru allir tilbúnir að koma manni ákveðið langt í íþróttinni en svo vantar herslumuninn sem þarf til að maður geti lagt það á sig sem þarf til að ná enn lengra. Þetta er í raun spurning um vilja íþróttahreyfingarinnar í sjálfu sér."

Daníel: „Þetta vandamál er í raun innbyggt í kerfið hjá ÍSÍ. Það er til sjóður fyrir unga og efnilega og svo fyrir afreksmenn en ekkert þar á milli. Það kostar mjög mikið að komast langt en það vantar stuðninginn til þess. Ég held að það sé sama um hvaða íþrótt er að ræða, tímabilið frá því maður á einhvern séns að ná á topp tíu í heiminum og þangað til maður kemst þangað, kostar tuttugu til fjörtíu milljónir."

Ásta: „Við vorum til að mynda bæði á svokölluðum B-styrk frá ÍSÍ sem er í raun vanhugsaður því hann var aðeins veittur síðustu sex mánuðina fyrir leikana. Það er einmitt tíminn sem maður á mesta möguleika á að afla sér annarra styrkja því maður er í kastljósinu fyrir Ólympíuleikana. Í raun þyrfti stuðningurinn frá ÍSÍ að koma miklu fyrr en það."

Daníel: „Mín skoðun er sú að við styrkveitingar þurfi að horfa lengra fram í tímann en nú er gert. Það þarf núna að fara að huga að næstu Ólympíuleikum sem fara fram eftir 4 ár nú í sumar. Mér hefur fundist að Afreksjóður ÍSÍ sem er stærsti styrktaraðili afreksmanna megi bæta sig hvað þetta varðar. Það er verið að veita þessa styrki 1-2 svar á ári og enginn veit hvað verður á næsta ári. Þar þarf að horfa lengra fram í tímann og ÍSÍ þarf einfaldlega að segja hve miklum fjármunum þeir ætla að verja til ákveðins verkefnis fram að næstu Ólympíuleikum og aðlaga það svo 1-2 svar á ári. Ég held að þannig mætti nýta peningana betur og fá meira út úr þeim. Ég vil taka það fram að ÍSÍ hefur styrkt Skíðasambandið mjög myndarlega. Vandamálið er hins vegar hve seint fjármunirnir koma þannig að þeir nýtast ef til vill ekki eins vel og ella."

Að lokum, fylgist þið enn með því sem er að gerast í skíðaíþróttinni á Ísafirði?

Daníel: „Þegar ég horfi á þetta úr fjarska verð ég að segja að Ísfirðingar hafi staðið sig svakalega vel í uppbyggingu á mannvirkjum og halda bestu mót á Íslandi. Mér finnst hinsvegar að betur mætti hlúa að afreksstarfinu. Ég veit að Skíðafélagið veður ekki í peningum en mér finnst ekki hafa verið staðið nógu vel við bakið á þeim sem hafa haft kost á að ná Ólympíulágmörkum síðastliðin ár. Það að eiga keppendur á ÓL hefur mjög mikið að segja fyrir félagið og áhuga ungra krakka. Ég veit sjálfur hversu mikilvægt það var fyrir mig að hafa Einar Óla, Þröst Jóhannesar, Bjarna Gunnars og alla þessa kappa sem fyrirmyndir þegar ég var ungur. Þeir voru beinlínis í guðatölu hjá mér. Krakkar horfa sér nær þegar kemur að því að finna sér fyrirmyndir og þó svo að ég skilji hve fjárhagshliðin er erfið þá er óásættanlegt að sjá að enginn Ísfirðingur hefur tekið þátt í Ólympíuleikum frá því Addi Kalli tók þátt 1998."

Ásta: „Að minnsta kosti þrjátíu ár þar á undan hefur alltaf einhver Ísfirðingur keppt á vetrarólympíuleikum. Vandamálið virðist liggja í því að yngri krakkarnir skila sér ekki upp í eldri aldurshópana. Það er heilmikill áhugi í alpagreinunum í yngri hópunum en krakkarnir halda ekki áfram."

Daníel: „Ég er sannfærður um að ein af skýringunum er skortur á fyrirmyndum. Félagið verður að setja sér það sem eitt af markmiðum sínum að eiga alltaf einhvern Ólympíufara."

Ásta: „Það myndi án efa hjálpa til við að hvetja krakkana til að halda áfram að æfa og því ýta undir skíðastarfið í heild sinni á Ísafirði."

Karalausnir!

• Bæta meðhöndlun hráefnis
• Minnka kostnað

3X Stál • Sindragata 5 • 400 Ísafjörður • Sími: 456 5079 • Fax: 456 5479 • www.3x.is • E-mail: info@3x.is

Ertu ekki örugglega með VISA?

Kort með örgjörfa eru öruggari en kort með segulrönd eingöngu.

Öll ný kreditkort VISA eru nú með örgjörfa.
Þú þarft ekki að bíða lengur eftir nýrri tækni og auknu öryggi.

www.visa.is

VISA
Ávallt fyrstir
með tæknilegar nýjungar

Brynhildur Benediktsdóttir, önnur frá hægri, og Elín Jónsdóttir, lengst til vinstri. Brynhildur náði 2. sæti í svigi á bikarmóti á Siglufirði og Elín 6. sæti.

Ólafur Njáll Jakobsson (2.f.h.) náði öðru sæti í svigi 13 ára á bikarmóti á Siglufirði.

Elín Jónsdóttir, Brynhildur Benediktsdóttir og Ólafur Njáll Jakobsson á bikarmóti.

Kátir krakkar á skíðum

Það er gott að fá smá næringu eftir erfiða keppni á Ásgeirsmótinu.

Bikarmót á Ísafirði fyrir 15 ára og eldri. Horft niður í markið.

Startið á bikarmóti á Ísafirði. Friðgerður ræsir og Pálmi er aðstoðamaður ræsis.

Ungur nemur, „gamall" temur.

Á skíðum skemmti ég mér tralala, tralala ...

Bikarhafar á Ásgeirsmóti 2006: Anna María Guðjónsdóttir og Jón Guðni Pálmason.

Verðlaunahafar í leikjabraut á Ásgeirsmótinu á Ísafirði 2006. F.v.: Elías Ari, Friðrik Þórir, Hólmfríður Dóra, Hilmar Adam, Jón Ómar, Emma Jóna og Ásthildur.

Yngstu keppendurnir á Ásgeirsmóti 2006 með Kalla, Agnesi og þjálfurum.

Ánægð frændsystkini á Ásgeirsmóti 2006.

Gísli Jörgen á fleygiferð í leikjabraut á Ásgeirsmóti 2006.

ktsdóttir
armóti.

um

iögerður
ur ræsis.

á Ásgeirs-
Elías Ari,
lmar Adam,
Ásthildur.



kjabraut á

At your side.

brother®

Fjölnotatæki Brother MFC-7420
Fjölnotatæki með laserprentara, laserfaxi, ljósritunarvél og skanna.
Prentar allt að 20 bls. á mínútu
Upplausn 2400x600 dpi
16 Mb minni
Stækkar/minnkar: 25-400%
Litaskanni: Allt að 9600 dpi
250 bls. pappírsskúffa
Windows og MacOs
Vörunr. BHMFC7420

Verð:
38.900 kr.

Fjölnotatæki Brother DCP7010
Laserprentari, starfæn ljósritunarvél og litaskanni.
Prentar allt að 20 bls. á mínútu
Upplausn 2400x600 dpi
16 Mb minni
Stækkar/minnkar: 25-400%
Litaskanni: Allt að 9600 dpi
250 bls. pappírsskúffa
Windows og MacOs
Vörunr. BHDCP7010

Verð: 26.900 kr.
Tilboðsverð:
22.900 kr.

Brother laserprentarar eru með 3 ára ábyrgð

LASERPRENTARI BROTHER HL-2030
Falleg hönnun, fer vel á borði eða í l
Prentar 16 síður á mínútu.
Upplausn 600x600 dpi.
8 Mb minni.
Windows og MacOS.
250 bls. pappírsskúffa.
BHHL2030
Verð: 19.900 kr.
TILBODSVERD
9.900 kr.

FJÖLNOTATÆKI BROTHER DCP-115C
Litaprentun, litaljósritun, litaskanni og minniskortalesari – allt í sama tækinu!
Prentar allt að 20 bls. í svörtu á mínútu og 15 bls. í lit.
Upplausn 1200x6000 dpi.
Prentar út á jaðar pappírs.
Minnkun/stækkun: 25 til 400%.
Prentar myndir beint frá minniskorti.
BHDCP115C
Verð: 13.900 kr.
TILBODSVERD
10.900 kr.

Bókhlaðan
Pennann
Hafnarstræti 2, Ísafirði, sími 456-3123, www.bokhladan.is

Fyrirtæki sem geta treyst á faglega flutningsþjónustu njóta góðs af virðisaukandi áhrifum þess að allt gengur greiðlega fyrir sig. Eimskip hefur þekkingu, reynslu og úrræði til að laga þjónustu sína að þörfum íslenskra fyrirtækja og tryggja þeim greiða leið í flutningum um allan heim.

EIMSKIP
GREIÐ LEIÐ

DAGSKRÁ SKÍÐAV

MIÐVIKUDAGUR 12. APRÍL

17.00 Setning Skíðaviku á Silfurtorgi
Skíðavikan verður að venju sett á Silfurtorgi. Lúðrasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar marserar frá Ísafjarðarkirkju að Silfurtorgi. Nánar auglýst síðar.

18.00 Sprettganga Núps
Löng hefð er fyrir sprettgöngu Núps í Hafnarstræti í miðbæ Ísafjarðar og verður ekki brugðið út af vananum þetta árið.

20.00 Fyndnasti maður Vestfjarða í Krúsinni
Keppnin fyndnasti maður Vestfjarða verður nú haldin í þriðja sinn.

20.30 Útgáfutónleikar Þrastar Jóhannessonar í Hömrum
Gítarleikarinn og söngvarinn Þröstur Jóhannesson heldur útgáfutónleika í Hömrum. Með honum stíga á stokk Gabríella Aðalbjörnsdóttir, Baldur Trausti Hreinsson, Ingvar Alfreðsson, Stefán Freyr Baldursson og kántrísveitin Unaðsdalur. Miðaverð er kr. 500.

22.00 Birgir Örn á Langa Manga
Trúbadúrinn Birgir Örn Sigurjónsson skemmtir á kaffihúsinu Langa Manga.

23.00 – 03.00 Dansleikur í Krúsinni
Nánar auglýst síðar.

SKÍRDAGUR

FIMMTUDAGUR 13. APRÍL

11.00 Afró fyrir alla í Edinborg
Afrónámskeið undir stjórn danskennarans Söndru úr Kramhúsinu.

12.30 Salsa fyrir pör og einstaklinga í Edinborg
Salsanámskeið undir stjórn danskennarans Rossie úr Kramhúsinu.

13.00 Skíðagöngukennsla á Seljalandsdal
Göngunefnd Skíðafélagsins býður upp á skíðakennslu fyrir almenning á Seljalandsdal. Upplagt fyrir þá sem vilja bæta tæknina fyrir Garpamótið.

14.00 Fermingarmessa í Þingeyrarkirkju

14.00 Fermingarmessa í Súðavíkurkirkju

14.00 Fermingarmessa í Ísafjarðarkirkju

14.00 Skíðaskotfimi á Seljalandsdal
Íslandsmeistaramót í skíðaskotfimi á Seljalandsdal. Mótið var haldið í fyrra í fyrsta sinn eftir nokkurt hlé og þótti takast einstaklega vel. Ef allt gengur eftir verður mótið að þessu sinni haldið á Seljalandsdal þar sem aðstaða til skíðagöngu þykir hin besta.

14.00 JC-Páskabingó
Nánar auglýst síðar.

14.00 Páskaeggjamót KFÍ
Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar heldur sitt árlega páskaeggjamót. Nánar auglýst síðar.

20.00 Messa í Hólskirkju í Bolungarvík

20.30 Stelpukvöld í Gamla apótekinu á Ísafirði
Ungar konur á norðanverðum Vestfjörðum hittast í Gamla apótekinu og eiga notalega kvöldstund saman.

21.00 Skíðanótt í Tungudal
Nánar auglýst síðar.

21.00 Einleikurinn Gísli Súrsson á Hótel Ísafirði
Gísli ætlar alla leið í súrinn að þessu sinni og verður gestum boðið upp á vestfirskan súrmat og harðfisk að hætti SKG-veitinga með einleiknum. Miðapantanir í síma 456 3360.

21.00 Drekktu betur á Langa Manga
Spurningakeppnin Drekktu betur hefur verið haldin á Ísafirði í um eitt og hálft ár og hefur vakið mikla lukku.

FÖSTUD. LANGI

FÖSTUDAGUR 14. APRÍL

10.00 Gönguskíðaferð um friðland Hornstranda
Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar bjóða upp á gönguskíðaferð um friðland Hornstranda. Lagt verður af stað frá Ísafjarðarhöfn og siglt að Látrum í Aðalvík. Þaðan verður gengið á skíðum til Hesteyrar. Fremstur í flokki verður Jón Björnsson sem er öllum hnútum kunnugur á svæðinu. Komið verður til baka til Ísafjarðar um klukkan 18. Þátttakendur skulu taka með sér nesti. Verð: 3.500 krónur. Bókanir og upplýsingar í síma 456 3879.

11.00 Krossferill Krists – kyrrðarstund í Þingeyrarkirkju

11.00 Afró fyrir alla í Edinborg
Afrónámskeið undir stjórn danskennarans Söndru úr Kramhúsinu.

11.30 – 17.00 Fjölskylduskemmtun á Seljalandsdal
Löng hefð er fyrir fjölskylduskemmtun á Seljalandsdal á föstudaginn langa þar sem boðið er upp á grillaðar pylsur, haldið er páskaeggjamót Samskipa og karamellur falla af himnum ofan. Tvíkeppni á skíðum verður haldin á dalnum og verður gerð krafa um snyrtilegan klæðnað þátttakenda. Séra Skúli Ólafsson byrjar dagskrána með hugvekju, tónlistarmenn koma fram og leikið verður brot af einleiknum Dimmalimm sem slegið hefur í gegn meðal barna um allt land. Nánar auglýst síðar.

12.30 Salsa fyrir pör og einstaklinga í Edinborg
Salsanámskeið undir stjórn danskennarans Rossie úr Kramhúsinu.

17.00 Jebesarhelgistund í Ísafjarðarkirkju
Þorsteinn Haukur Þorsteinsson, Lilja Kjartansdóttir og sr. Valdimar Hreiðarsson stýra samkomunni.

17.00 Kynning Andra Snæs á Draumalandinu
Rithöfundurinn Andri Snær Magnason heldur fyrirlestur um nýútkomna bók sína Draumalandið – sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð. Fyrirlesturinn, sem vakti mikla lukku í Borgarleikhúsinu í Reykjavík, verður haldinn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

19.00 Matur og skemmtun hjá SKG-veitingum á Hótel Ísafirði
Tónlistarmennirnir Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson verða með tónleika fyrir matargesti að loknu borðhaldi í sal Hótels Ísafjarðar. Borðapantanir í síma 456 3360.

19.00 Ísfirskar perlur í Krúsinni
Tónlistarskemmtunin „Ísfirskar perlur" verður haldin í skemmtistaðnum Krúsinni á Ísafirði um páskana, en hún sló í gegn á síðasta ári. Miðapantanir fara fram

AVIKUNNAR 2006

versluninni J.O.V. Föt í síma 456 4505. Athugið að skemmtunin er aðeins ætluð matargestum. Dansleikur verður í framhaldi af skemmtuninni.

20.00 Æðruleysismessa í Ísafjarðarkirkju
Æðruleysismessa í Ísafjarðarkirkju í umsjón Lísbetar Harðardóttur og Eriks Newman.

20.00 Snjóbrettamót Eimskipa á Ísafjarðarhöfn
Eimskip og fleiri velviljaðir aðilar standa að bigjump-keppni á Sundahöfn á Ísafirði.

00.00 Birgir Örn o.fl. á Langa Manga
Trúbadúrinn Birgir Örn Sigurjónsson leikur ásamt vinum sínum fyrir gesti Langa Manga.

00.00 – 04.00 Dansleikur með Í svörtum fötum í Hnífsdal
Stórdansleikur með hljómsveitinni Í svörtum fötum í félagsheimilinu í Hnífsdal.

LAUGARDAGUR 15. APRÍL

10.00 – 15.00 Íþróttadagur á Þingeyri
Hin glæsilega íþróttamiðstöð Þingeyringa verður opin heimamönnum og gestum. Í henni er íþróttasalur og sundlaug. Boðið verður upp á ýmsa leiki og er markmiðið að fjölskyldan geti leikið sér saman.

11.00 Afró fyrir alla í Edinborg
Afrónámskeið undir stjórn danskennarans Söndru úr Kramhúsinu.

11.00 Vestfjarðamót í göngu – lengri vegalengdir
Göngudeild Skíðafélagsins heldur göngumót í lengri vegalengdum.

12.00 – 16.00 Flóamarkaður JC
JC-Vestfirðir verða með flóamarkað í Ljóninu á Skeiði í Skutulsfirði.

12.30 Salsa fyrir pör og einstaklinga í Edinborg
Salsanámskeið undir stjórn danskennarans Rossie úr Kramhúsinu.

14.00 Dimmalimm í Hömrum
Kómedíuleikhúsið sýnir einleikinn Dimmalimm sem notið hefur mikilla vinsælda meðal barna um land allt. Leikurinn er byggður á samnefndu ævintýri eftir Mugg og hefur notið gífurlegra vinsælda allt frá því ævintýrið kom fyrst út á bók árið 1942.

15.00 – 02.00 Aldrei fór ég suður – Rokkhátíð alþýðunnar
Á aldrei fór ég suður – Rokkhátíð alþýðunnar mætast vestfirskir og aðkomnir tónlistarmenn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Þeir sem fram koma eru ýmist verðlaunum hlaðnir eða óþekktir með öllu. Ókeypis er á þessa miklu rokkveislu sem hefst um miðjan dag. Nánar auglýst síðar.

19.00 Matur og skemmtun hjá SKG-veitingum á Hótel Ísafirði
Tónlistarmennirnir Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson verða með tónleika fyrir matargesti að loknu borðhaldi í sal Hótels Ísafjarðar. Borðapantanir í síma 456 3360.

19.00 Ísfirskar perlur í Krúsinni
Tónlistarskemmtunin Ísfirskar perlur verður haldin í skemmtistaðnum Krúsinni á Ísafirði um páskana, en hún sló í gegn á síðasta ári. Miðapantanir fara fram versluninni J.O.V. Föt í síma 456-4505. Athugið að skemmtunin er aðeins ætluð matargestum. Dansleikur verður í framhaldi af skemmtuninni.

23.00 Denni o.fl. á Langa Manga
Trúbadúrinn Denni leikur ásamt fleirum fyrir gesti Langa Manga.

00.00 – 04.00 Stórdansleikur með Jet black Joe í Hnífsdal
Hljómsveitin Jet black Joe leikur í Hnífsdal.

PÁSKADAGUR

SUNNUDAGUR 16. APRÍL

08.00 Hátíðarmessa í Þingeyrarkirkju
Morgunverður í boði sóknarnefndar í félagsheimili að lokinni messu.

09.00 Hátíðarguðsþjónusta í Ísafjarðarkirkju
Tekið verður við nýjum krossi á altari kirkjunnar.

09.00 Hátíðarguðsþjónusta í Hólskirkju í Bolungarvík
Veitingar í safnaðarheimili á eftir.

11.00 Messa á Tjörn

11.00 Páskadagsmessa í Suðureyrarkirkju

11.00 Hátíðarguðsþjónusta í Hnífsdalskapellu

11.00 Afró fyrir alla í Edinborg
Afrónámskeið undir stjórn danskennarans Söndru úr Kramhúsinu.

12.00 Skíðagöngukennsla á Seljalandsdal
Göngunefnd Skíðafélagsins býður upp á skíðakennslu fyrir almenning á Seljalandsdal. Allir velkomnir.

12.00 Garpamót í göngu á Seljalandsdal
Þetta er keppni mestu göngugarpa landsins. Allir garpar eru hvattir til að taka þátt.

12.30 Salsa fyrir pör og einstaklinga í Edinborg
Salsanámskeið undir stjórn danskennarans Rossie úr Kramhúsinu.

13.30 Garpamótið í svigi í Tungudal
Nú verður aldeilis tekið á því, skíði smurð, keppnisgallar mátaðir og þrekpróf tekin.

14.00 Skíðaævintýri í Önundarfirði
Skíðamenn dregnir frá Seljalandsdal yfir Vestfjarðaháslettuna. Skíðað niður í Önundarfjörðinn í brekkum við allra hæfi. Endað í sundi og sauna á Flateyri. Nánar auglýst síðar.

14.00 Hátíðarmessa í Núpskirkju

17.00 Popparasamvera í Suðureyrarkirkju

23.00 Gummi Hjalta o.fl á Langa Manga
Trúbadúrinn Gummi Hjalta leikur ásamt fleirum fyrir gesti Langa Manga.

00.00 – 04.00 Dansleikur í Hnífsdal
Hljómsveitin Oxford leikur fyrir gesti í félagsheimilinu í Hnífsdal. DJ Böddi Love og Egill Beatmaster aðstoða sveitina við að halda uppi stuði í húsinu.

ANNAR Í PÁSKUM

MÁNUDAGUR 17. APRÍL

16.00 Hátíðarguðsþjónusta á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði
Prestur er sr. Stína Gísladóttir.

Dagana 28. desember 2005 til 8. janúar 2006 dvaldist hópur gönguskíðakrakka frá Skíðafélagi Ísfirðinga í Sjusöen í Noregi við leik og æfingar á skíðum. Í hópnum voru fimmtán krakkar, tveir fararstjórar og þjálfarinn, Øyvind Olstad. Aðstæður voru mjög góðar, reyndar frekar kalt eða í kringum -15°, en færið eins og það gerist best. Þær Katrín Sif Kristbjörnsdóttir og Sólveig Guðmunda Guðmundsdóttir segja hér frá ferðinni.

Øyvind Olstad skíðagönguþjálfari leggur línurnar fyrir íslensku keppendurnar á mótinu í Næroset.

GÖNGUSKÍÐAKRAKKAR Í NOREGI

Þann 28. desember 2005 héldum við, fimmtán skíðakrakkar ásamt þjálfara og tveimur fararstjórum, í æfingaferð til Noregs, heimalands Øyvinds þjálfara. Við flugum til Osló og keyrðum þaðan til Sjusjøen sem er lítill bær rétt fyrir utan Lillehammer. Við fengum þrjár hyttur til að vera í sem voru alveg ágætar.

Annan daginn keyrðum við til Hurdal að keppa. Keppnin gekk ágætlega þrátt fyrir klúður með startið hjá sumum. Í Hurdal sáum við Jens Arne Svartedal keppa, sem keppti líka á Ólympíuleikunum í Torino. Um kvöldið fengum við okkur hina frægu Peppes pizzu í Lillehammer.

Þegar heim var komið beið okkar ekki skemmtileg sjón. Umsjónarmaður hyttanna hafði komið og loftað út fyrir okkur vegna þess að það var svo mikil reykingarlykt í einni hyttunni. Hann gleymdi að loka gluggunum og því var ískalt inni og snjór sumstaðar.

Við æfðum á skíðasvæðinu í Sjusjøen flesta morgna við góðar aðstæður. Stundum var æfing í Ólympíubrautinni þar sem aðstæður voru frábærar og kepptum við þar einu sinni með Lillehammer Skiklub. Jakob Einar Jakobsson kom og var með okkur á einni æfingu og fór með okkur í keilu. Ein æfingin fór fram í Hákonshöll þar sem keppt var í íshokkí og fleiri íþróttagreinum á Ólympíuleikunum 1994.

Gamlársdagur var mjög skemmtilegur. Allir hjálpuðust að við að undirbúa hyttu nr. tíu fyrir kvöldið. Við fengum mjög góðan mat um kvöldið og skutum upp á miðnætti þeim fáu flugeldum sem við keyptum.

Við versluðum heilmikið allt frá skíðum til búsáhalda. Vorum helst í verslunarmiðstöðinni, Strandtorget, í Lillehammer en einnig á göngugötunni. Við fórum á tvö söfn, Maihaugen sem segir sögu Lillehammer, og Ólympíusafnið. Við skoðuðum líka skíðastökkpallana tvo og sáum stökkvara á æfingu.

Setið við veisluborð á gamlárskvöld. F.v.: Guðrún Hulda, Ingibjörg, Sólveig, Katrín, Silja, Rannveig, Kristný, Sigurjón, Örvar, Stefán, Óli og Arnar.

Næst síðasta daginn fórum við til Næroset að keppa, það gekk bara mjög vel þrátt fyrir mikinn kulda. Allir sem kláruðu fengu bikar. Um kvöldið gengum við frá og undirbjuggum okkur fyrir heimferðina.

Í heildina litið var þetta mjög vel heppnuð ferð hjá okkur og allir skemmtu sér vel. Að lokum viljum við þakka fararstjórunum Margréti og Guðfinnu, Øyvind þjálfara og hinum krökkunum, þeim Arnari, Borgari, Guðrúnu, Ingibjörgu, Kristjáni, Kristný, Maju, Rannveigu, Sigurjóni, Óla, Silju, Stebba og Örvari, fyrir frábæra ferð.

HLUTIR SEM STANDA UPP ÚR:

*Mandarínur	*Stress	*Blár extra
*Stank Ass Ho	*Strandtorget	*Kuldi
*Hung up	*G-Sport	*Daim
*Óheppni (í byrjun)	*H&M	*Æfingar

Sjusjøen í Noregi, þar sem hópurinn gisti.

Ísaðar skvísur; Ingibjörg, Kristný, Katrín, Guðfinna, Guðrún Hulda, María og Silja.

Skíðastökkpallarnir í Lillehammer.

roset.

GI

ulda,
urjón,

kkunum,
ibjörgu,
igurjóni,
æra ferð.

R:
lár extra
uldi
aim
Efingar

nmer.

Útsendari Skíðafélagsins tók hús á sæmdarhjónunum Emmu Rafnsdóttur og Páli Sturlaugssyni á Urðarveginum á Ísafirði og falaðist eftir að fá að spjalla við þau sem „skíðaforeldra“. Það var auðsótt og kom fljótt í ljós að þau bera miklar taugar til skíðastarfsins.

Emma kom, rétt eins og svo margar konur, að norðan til að fara í húsmæðraskólann Ósk og kynntist Ísfirðingnum Palla Stull. Palli var vanur skíðamennsku frá því hann var krakki að leika sér í urðinni fyrir ofan bæinn. Emma hafði lítið farið á skíði fyrir norðan, aðeins á skíði sem pabbi hennar smíðaði.

Emma og Palli með börnum sínum. Frá vinstri: Þórunn, Fanney, Birna, Emma, Palli, Rafn og Arnar.

FRÁ KYNSLÓÐ TIL KYNSLÓÐAR

Sólrún Geirsdóttir ræðir við hjónin Pál Sturlaugsson og Emmu Rafnsdóttur

Þau hjónin voru alla tíð afskaplega dugleg að fylgja börnunum sínum eftir á skíðum en þau stunduðu öll skíðaíþróttina af miklu kappi. Þau Rafn, Þórunn, Fanney, Arnar og Birna æfðu öll svigskíði en við tólf ára aldur skipti Arnar yfir í gönguskíði. Þau voru miklir keppnismenn og stóðu oft á verðlaunapalli. Að sögn foreldranna var keppnisskapið, sem sum áttu í ríku mæli, sjálfsprottið en ekki „barið í börnin“ enda hafa þau ekki trú á slíkum aðferðum. Öll nema Arnar hafa unnið sem skíðaþjálfarar og í dag starfa Fanney og Birna við þjálfun og Þórunn er gjaldkeri Skíðafélagsins og mjög virk í foreldrastarfinu. Þau búa öll á Ísafirði nema Arnar sem býr á Þelamörk. Þess má geta að Rabbi, Þórunn og Fanney voru öll á skíðabraut Menntaskólans á Ísafirði á sínum tíma og Arnar var í skíðamenntaskóla í Svíþjóð. Þau gátu því sameinað námið og áhugamálið enn frekar en margir aðrir.

Barnabörnin farin að stunda skíðin

„Krakkarnir byrjuðu öll ung að stunda skíðin, Rabbi byrjaði að æfa 5 til 6 ára og hin voru enn yngri þegar þau fóru að fara á Dalinn, Birna var t.d. í barnavagni fyrst um sinn,“ segir Emma en í byrjun mun það hafa verið meira á könnu Palla að fylgja börnunum á skíði meðan Emma var bundin heima yfir yngri börnunum, enda eru fjögur þeirra fædd á sjö ára tímabili.

Nú eru barnabörnin farin að stunda skíðaíþróttina. Halldór Páll og Emma Jóna, börn Þórunnar; Gísli og Julo, synir Rabba og Katrín Emma, dóttir Fanneyjar, æfa öll af fullum krafti. Nýjasta barnabarnið, sonur Þórunnar, aðeins nokkurra daga gamall þegar viðtalið var tekið, verður án efa kominn í fjallið næsta vetur. Reyndar var hann í móðurkviði þar aðeins þremur dögum áður en hann kom í heiminn. Yngsti sonur Rabba brunar niður brekkurnar á baki foreldra sinna og fær sér blund úti í skafli á milli ferða.

Sá félagsskapur sem myndaðist í kringum skíðin helst enn þann dag í dag. Margir bestu vinir barna þeirra hjóna eru gömlu skíðafélagarnir. „Þessir krakkar halda líka góðu sambandi við okkur Palla og kíkja oft í heimsókn þegar þau koma í bæinn, jafnvel þótt börnin séu ekki heima. Þetta kunnum við vel að meta,“ segir Emma brosandi og bætir því við að þegar Rabbi gifti sig úti í Belgíu, þá mættu margir vinir hans í brúðkaupið. Eins þegar stelpurnar voru að þjálfa þá voru oft haldin partý fyrir skíðakrakkana á heimili þjálfarans sem þá var auðvitað heimili Emmu og Palla. Þetta fannst þeim bara skemmtilegt og tengdi þau enn frekar við skíðakrakkana.

Hvorki tími né orka til að sinna neinu öðru á meðan skíðavertíðin stóð

Palli bjó svo vel að geta skroppið úr vinnunni til að keyra krakkana á skíði þegar þau voru búin í skólanum. „Þá var keyrt á „pikkuppnum“ eftir Urðarveginum og raðað á pallinn, börnum og skíðum. Þetta þótti sjálfsagt í þá daga en viðgengist líklega ekki í dag. Svo renndu krakkarnir sér bara heim í hús að æfingu lokinni.

Palli á Andrésar andarleikum. Krakkarnir með honum á myndinni eru f.v.: Magnús Kristjánsson, Íris Georgsdóttir og Fanney Pálsdóttir.

TM

Hvers vegna gerist alltaf allt, allt í einu?

Við sumum spurningum fást bara engin svör.

Það er ekki nema einn stafur sem skilur að gæfu og ógæfu. Þannig er það líka oft í lífinu. Þú getur minnkað áfallið með því að tryggja þig hjá tryggingafélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Líf- og sjúkdómatrygging TM er jafnt fyrir fjölskyldur og einstaklinga. Tryggingaráðgjafar TM hjálpa þér að meta tryggingaþörfina og velja saman þá þætti sem reynslan sýnir að gagnast best í hverju tilfelli fyrir sig.



Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á.
Hringdu í síma **515 2000** eða farðu á **www.tryggingamidstodin.is** og fáðu skýr svör.

Gámaþjónusta Vestfjarða

Umhverfið er framtíðin, gættu þess vel

Leigjum út sorpgáma & salerni

Gámaþjónusta Vestfjarða • Góuholti 14 • 400 Ísafirði
Símar: 456 4760 & 456 4340 • www.snerpa.is/gamar

Heitar og ljúffengar alla daga!

Glænýr matseðill

HEIMSENDING 456-3166

HAMRABORG

PIZZA

Heit og ljúffeng!

Opið alla helgina

Coca-Cola

Um helgar var haldið á Dalinn klukkan níu á morgnana með nesti í bakpoka og komið heim um sexleytið. Það var hvorki tími né orka til að sinna neinu öðru á meðan skíðavertíðin stóð," rifjar Palli upp. „En það var líka allt í lagi, allir voru sáttir við það. Það var nógur tími til að gera annað á öðrum tímum, t.d. á sumrin og haustin. Það má eiginlega segja að börnin hafi alist upp á Seljalandsdalnum. Þegar svona er ástatt er líklega eins gott að öll fjölskyldan sameinist í áhugamálinu og geti þannig tekið þátt í gleði og sorgum hvers annars."

Það er augljóst að þau hjónin hugsa til Seljalandsdalsins með söknuði enda ríkti þar alveg sérstök stemmning á góðum dögum. „Það má segja að Seljalandsdalurinn hafi verið ein allsherjar félagsmiðstöð fyrir alla aldurshópa. Skíðaiðkun á Ísafirði hefur ekki náð sér á strik eftir snjóflóðin og ljóst að eitthvað þarf að gera til að geta nýtt betur Miðfellssvæðið þar sem oft er nægur snjór þótt ekki sé hægt að nota aðrar lyftur í Tungudal," segir Palli og er ekki laust við að brúnin þyngist á honum.

Palli með börnum, tengdabörnum og barnabörnum. Efri röð f.v.: Arnar, Halla Björk, Hermann, Palli, Birna, Marijk og Rafn. Neðri röð f.v.: Þórunn, Fanney, Katrín Emma, Halldór Páll, Gísli, Emma Jóna og Julo.

Foreldrastarfið gefandi og skemmtilegt

Það er skoðun Emmu og Palla að foreldrar verði að fylgja börnunum eftir í því sem þau taka sér fyrir hendur. Allir verði að leggjast á eitt til að hlutirnir gangi. „Þetta er ekki bara fyrir börnin, foreldrastarfið er ákaflega gefandi og skemmtilegt. Ávallt var mikil samheldni í hópnum sem tengdist skíðunum og við hjónin eigum margar góðar minningar úr foreldrastarfinu. Þetta var viss kjarni og sumir halda jafnvel hópinn enn þann dag í dag. Sumir kynntust í kringum foreldrastarfið í Skíðafélaginu og halda þeim tengslum enn," segja þau Emma og Palli og minnast líka góðrar samvinnu við þjálfara barnanna. „Án þess að á neinn sé hallað verður að nefna Hafstein Sigurðsson sem ævinlega var vakinn og sofinn fyrir velferð barnanna. Þegar þau voru t.d. á skíðabrautinni í menntaskólanum þá fræddi hann þau m.a. um gildi mataræðis og tók stelpurnar jafnvel á eintal ef hann hafði áhyggjur af að þær léttust um of. Það var stundum eins og hann ætti þessa krakka."

Hjónin Páll Sturlaugsson og Emma Rafnsdóttir.

Þau segja skíðaiðkun tvímælalaust hafa forvarnagildi sem og aðrar íþróttir. Fyrir það fyrsta hafa börnin ekki orku fyrir neina vitleysu ef þau sinna íþróttinni af kappi. Það er auðvitað mikilvægt að foreldrar séu góð fyrirmynd barnanna og þau geti leitað til þeirra þegar á þarf að halda.

Oft var langur vinnudagur hjá skíðafélagsmönnum

Það verða sem betur fer alltaf til foreldrar sem vilja standa í þessu starfi. Börnum Emmu og Palla finnst það t.d. sjálfsagt enda alin upp við að svona eigi þetta að vera. Þannig berst þetta frá kynslóð til kynslóðar. Nauðsynlegt er hins vegar að einhver endurnýjun fari fram en því miður hefur dregið úr því eftir snjóflóð.

Palli var gjaldkeri í stjórn Skíðafélagsins í mörg ár. Að auki er hann enn í stjórn foreldrafélagsins sem vann mikið uppbyggingarstarf eftir snjóflóðin og byggði m.a. skíðaskálann í Tungudal. „Að þeirri uppbyggingu kom auðvitað fjöldi manns. Oft var langur vinnudagur hjá skíðafélagsmönnum sem fólst m.a. í styrkjasöfnun og margháttaðri sjálfboðavinnu, eftir að hefðbundnum vinnudegi lauk; tyrfingu, girðingarvinnu, hreinsun og svo mætti lengi telja," segir Palli og ljóst er að mikið hefur mætt á iðnaðarmönnum á borð við hann þegar verið var að reisa lyftur og byggja skála. Hann var einnig í fjölda ára á tímatökutækjunum á skíðamótum hvort sem um var að ræða innanfélagsmót eða alþjóðamót. Sem stjórnarmaður í foreldrafélaginu er Palli enn virkur í skíðastarfinu og ljóst að hann hefur miklar taugar til þess.

Brýnt og brætt langt fram á nætur

Palli fór á Andrésar andarleikana í 12 ár í röð og átti allt að þrjú börn þar í einu. „Líklega hef ég alls farið 15 til 16 sinnum á Andrés og oft fór Emma líka með. Á þessum tíma kom sér vel að eiga aðstandendur á Akureyri. Verkstæði föður Emmu var notað til að undirbúa skíði allra ísfirsku keppendanna undir átökin. Þar var brýnt og brætt langt fram á nætur. Svo var bíll tengdapabba fenginn að láni til að koma skíðunum upp í fjall," segir Palli og bætir við að heima á Urðarveginum hafi líka oft verið komið með skíði félaga barnanna til að undirbúa þau fyrir keppni. Þannig hafi mörgum föstudags- og laugardagskvöldum verið varið úti í skúr við að brýna og bræða undir skíði.

Alltaf var mikið fjör í keppnisferðunum. Það var góður hópur sem stóð að börnunum og margt var brallað. Þau hjón kannast við sögu Önnu Gunnlaugsdóttur af svefnpokanum sem settur var í kæli. Blaðamaður stóð reyndar í þeirri meiningu að krakkar hefðu unnið þetta prakkarastrik en í ljós kom að það var ein mamman. „Hún fékk það launað á þann hátt að þegar hún var sofnuð var svefnpokinn hennar „teipaður" utan um hana þannig að hún gat sig hvergi hreyft," segir Palli kíminn. Allt var þetta í góðu og án efa oft verið rifjað upp og mikið hlegið að þessum og öðrum uppátækjum. Aðspurður segist Palli ekki geta sagt neinar sögur úr skíðaferðunum, þær sem honum detti í hug eigi ekki heima á prenti. Gesturinn fékk að heyra nokkrar skemmtilegar sögur og virðist vera af nógu að taka en það verður að bíða betri tíma að þær komi fyrir almenningssjónir.

Skíðafélagið þakkar Emmu og Palla fyrir skemmtilegt spjall og óskar þeim og afkomendum þeirra alls hins besta í framtíðinni. Þau hjón eru góð fyrirmynd barna sinna og barnabarna sem og annarra foreldra sem þau hvetja til að vera sem mest með börnum sínum í því sem þau taka sér fyrir hendur, enda sé það bæði gefandi og skemmtilegt.

Verið velkomin á Skíðavikuna, ÍSAFIRÐI, 12. - 17. apríl!

- PÁSKAEGGJAMÓT
- BRETTAMÓT
- ALDREI FÓR ÉG SUÐUR
- SKÍÐASKOTFIMI
- GARPAMÓT
- TVÍKEPPNI BYGGÐASAFNSINS
- SKÍÐANÓTT
- TÓNLEIKAR
- DANSLEIKIR
- MESSUR
- PÖBBAKVÖLD
- DANSNÁMSKEIÐ

...OG MARGT FLEIRA

Stanslaust stuð í yfir 70 ár

SKIDAVIKAN ISAFIRDI

FLUGFÉLAG ÍSLANDS Taktu flugið

Samkaup úrval

SPVF SPARISJÖÐUR VESTFIRÐINGA

www.skidavikan.is

Ísfirskar perlur í Krúsinni

Stórsöngvaranir Ingibjörg Guðmundsdóttir, Reynir Guðmundsson, Margrét Geirsdóttir og Rúnar Þór skemmta gestum Krúsarinnar föstudaginn 14. apríl og laugardaginn 15. apríl ásamt stórsveit Baldurs Geirmundssonar (BG)

KRÚSIN

Ath! Aðeins fyrir matargesti
Miða- og borðapantanir í síma 456 4505 (J.O.V.)

FAKTORSHÚSIÐ Í HÆSTAKAUPSTAÐ

Opið um páskana

MATSEÐILL

FISKISÚPA – KJÖTSÚPA
SALTFISKUR PÁSKALAMB LASAGNA
KAFFI SÚKKULADI ÖL VÍN
BRAUÐ VÖFFLUR SÚKKULADIKAKA

Upplýsingar í símum 456 1414 / 861 6789

Heimir Hansson

FOSSAVATNSGANGAN

Fossavatnsgangan hélt upp á 70 ára afmæli sitt síðastliðið vor. Þótt aldurinn sé hár hefur gangan sennilega aldrei verið við betri heilsu en einmitt nú. Þátttaka í afmælisgöngunni sló öll met og úr varð fjölmennasta skíðagöngumót Íslandssögunnar. Nokkrir útlendingar lögðu leið sína til Ísafjarðar gagngert til að taka þátt, íþróttafjölmiðlar víða um heim sögðu frá göngunni og í kjölfarið bárust fjöldamargar fyrirspurnir frá forvitnu skíðafólki úr öllum heimshornum. Það má ljóst vera að Fossavatnsgangan hefur alla burði til að verða enn stærri viðburður, ef vel er á málum haldið.

Frá starti í Fossavatnsgöngunni 2005. (Ljósm. Hrafn Snorrason).

Fossavatnsgangan var lengstum lokað heimamót og þátttakendur frá öðrum héruðum gátu einungis tekið þátt sem gestir. Um miðjan níunda áratuginn var hins vegar opnað fyrir almenna þátttöku og gangan varð hluti af Íslandsgöngunni, röð almenningsmóta sem haldin eru vítt og breitt um landið. Undanfarin ár hefur svo verið unnið að því að breikka þátttakendahópinn enn frekar með því að koma göngunni „á kortið" hjá skíðagönguíólki erlendis. Ferðalög til að taka þátt í almenningsgöngum eru ákaflega vinsæl úti í heimi og markmiðið er

Frá Fossavatnsgöngunni 2005. (Ljósm. Hrafn Snorrason).

að smátt og smátt vinni Fossavatnsgangan sér sess sem einn af sjálfsögðum viðkomustöðum þeirra sem stunda slík ferðalög. Gangan er hins vegar ekki fjársterk þannig að stórar kynningar- og auglýsingaherferðir eru ekki inni í myndinni. Þess í stað hefur verið leitað ódýrra leiða til að koma boðskapnum á framfæri, einkum að mynda tengsl við göngur í öðrum löndum og fólk sem nýtur álits í „skíðagönguheiminum".

FIS Nordic Ski Marathon Cup

Síðastliðið haust náðist samkomulag um að stofna til norrænnar mótaraðar, „FIS Nordic Ski Marathon Cup", sem er samvinnuverkefni Alþjóðlega skíðasambandsins (FIS), Fossavatnsgöngunnar og almenningsmóta í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Markmiðið er að göngurnar standi að sameiginlegri kynningarstarfsemi, fyrst á Norðurlöndunum en síðan einnig víðar um heim. Þessi mótaröð verður annars vegar stigakeppni þar sem metnaðarfyllsta skíðafólkið getur barist um stigameistaratitil hvers vetrar, og hins vegar áskorun fyrir hinn almenna trimmara, sem vinnur sér inn viðurkenningu með því að taka þátt í öllum göngunum fjórum á fjórum árum. Mótaröðin fór formlega í gang nú í vetur, en hugsunin er þó sú að fyrsta árið verði aðallega nýtt til að aðstandendur mótanna geti þreifað sig áfram varðandi samstarfið og ýmis útfærsluatriði þess. FIS Nordic Ski Marathon Cup kemst svo væntanlega á fullt skrið næsta vetur.

Göngurnar í mótaröðinni

Þær göngur sem mynda þessa nýju mótaröð, auk Fossavatnsgöngunar, eru Holmenkollen Skimaraton, ein frægasta almenningsganga Noregs, Oulun Tervahiihto í Finnlandi, sem telst vera elsta skíðagöngukeppni heims, og Tornedalsloppet í Svíþjóð, en í henni er m.a. gengið yfir heimskautsbaug. Þessar göngur hafa því allar upp á eitthvað einstakt og spennandi að bjóða og vonandi eiga þær eftir að falla vel í kramið hjá íslensku skíðagöngufólki, sem nú sækir mót í útlöndum í æ ríkari mæli.

Minnesota Skinnyski Series

Fossavatnsgangan hefur einnig tekið upp samstarf við mótaröð í Bandaríkjunum, „Minnesota Skinnyski Series". Sigurvegarar í karla- og kvennaflokki í þeirri mótaröð fá að launum ferð í Fossavatnsgönguna, og á móti mun fyrsta íslenska konan og fyrsti íslenski karlinn í 50 km göngunni í Fossavatninu fá að launum ferð í eitt af mótunum í bandarísku röðinni. Þetta samstarf tryggir Fossavatnsgöngunni talsverða kynningu í Bandaríkjunum, en Bandaríkjamenn hafa átt nokkra þátttakendur í göngunni undanfarin ár.

Fossavatnsgangan á mótaskrá FIS

Síðastliðið haust var Fossavatnsgangan sett á mótaskrá Alþjóðlega skíðasambandsins, fyrst íslenskra skíðagöngumóta. Slíkt þykir mikill gæðastimpill því á skrána komast aðeins göngur sem staðist geta alþjóðlegar kröfur um framkvæmd og umgjörð móta. Sambandið sendir ætíð fulltrúa sinn á þessi mót til eftirlits og svo verður einnig um Fossavatnsgönguna í vor. Eftirlitsmaður þar verður maður að nafni Paddy

Field, en hann hefur um árabil verið formaður þeirrar nefndar FIS sem sér um málefni almenningsmóta. Hann verður ekki eini erlendi gesturinn í Fossavatnsgöngunni þetta árið. Jörgen Aukland, einn þekktasti skíðagöngumaður Noregs, hefur ásamt félögum sínum í „Team Fast" lýst yfir áhuga á þátttöku. Aukland hefur sigrað í mörgum af þekktustu almenningsgöngum heims og fjórum sinnum komist á verðlaunapall í Vasagöngunni, þannig að koma hans yrði mikill fengur fyrir Fossavatnsgönguna og skíðagöngu á Íslandi almennt. Þegar þessar línur eru ritaðar hefur ekki verið gengið endanlega frá samningi við þá félaga, en útlitið er gott.

Félagarnir Mazzi og Bobbi í hörkukeppni í Fossavatnsgöngunni 2005. (Ljósm. Hrafn Snorrason).

Blaðamenn frá Ítalíu og Þýskalandi

Í göngunni verða einnig blaðamenn frá Ítalíu og Þýskalandi, auk þess sem nokkrir „óbreyttir" erlendir skíðamenn hafa boðað komu sína. Íslenskt skíðafólk, sem býr utan Vestfjarða, hefur verið duglegt að sækja Fossavatnsgönguna í gegnum tíðina enda er hún í hugum margra orðin að föstum lokapunkti vetrarins. Það stefnir því í góða mætinu gesta í gönguna í vor, en undirstaðan sem allt annað hvílir á er þó alltaf heimafólkið. Góð almenn þátttaka í Fossavatnsgöngunni og frábært starf þeirra hátt í hundrað sjálfboðaliða sem á ári hverju koma að undirbúningi og framkvæmd mótsins eru lykillinn að þeim vinsældum og virðingu sem gangan hefur notið í gegnum tíðina. Fjöldamörg fyrirtæki og stofnanir hafa líka látið í té ómetanlegan stuðning við að gera mótahaldið sem glæsilegast.

Sannkölluð fjölskylduhátíð

Ljóst er að í ár mun Fossavatnsgangan vekja meiri eftirtekt úti í heimi en nokkru sinni fyrr. Fulltrúi Alþjóðlega skíðasambandsins mun vega og meta mótahaldið og áhrifamiklir fjölmiðlar verða á staðnum til að greina lesendum sínum frá því sem þeir upplifa. Það er því mikilvægt að vel takist til og að þátttakendahópurinn verði sem stærstur. Fossavatnsgangan er sannkölluð fjölskylduhátíð, boðið er upp á vegalengdir og brautir við allra hæfi og Fossavatnskaffið er viðburður sem enginn vill missa af. Vonandi munu því sem allra, allra flestir mæta með skíðin sín upp á Botnsheiði 29. apríl og taka þátt. Svo væri ekki verra ef einhver gæti tekið að sér að tryggja gott veður og skíðafæri þennan dag!



50 km
20 km
10 km
7 km

Sveitakeppni í öllum vegalengdum
Fossavatnsgangan er hluti af
Íslandsgöngunni 2006

Laugardaginn 29. apríl 2006

57. FOSSAVATNSGANGAN Á ÍSAFIRÐI

Dagskrá

Fimmtudagur 27. apríl:
Kl. 10.00 – 17.00: Skráning og afhending númera í versluninni Núpi
Föstudagur 28. apríl:
Kl. 10.00 – 17.00: Skráning og afhending númera í versluninni Núpi
Kl. 14.00: Brautarskoðun með leiðsögn. Hlutar brautarinnar verða skoðaðir (á skíðum) með staðkunnugum og leiðin útskýrð í smáatriðum.
Kl. 19.00 – 21.00: Pastaveisla í skíðaskálanum í Tungudal.
Laugardagur 29. apríl:
57. Fossavatnsgangan:
Rástímar: kl. 10.00 – 50 km
kl. 12.00 – 20, 10, 7 km
Kl. 15.30 – 18.30: Fossavatnskaffi og verðlaunaafhending

Einar Yngvason, skíðagöngumaður

WORLDLOPPET

Mótaröð í 14 löndum og 4 heimsálfum

Almenningsmót í skíðagöngu, þar sem saman koma atvinnumenn, helgartrimmarar og allir þar á milli, njóta vaxandi vinsælda um allan heim og á hverju ári ferðast þúsundir manna á milli landa og heimsálfa til að taka þátt í slíkum mótum. Ísfirskt skíðagöngufólk er þar auðvitað engin undantekning. Allir hafa heyrt um Vasagönguna, þar eigum við nokkra fulltrúa á hverju ári enda eru menn varla taldir fullgildir göngumenn nema að hafa klárað VASA. Birkebeinergangan í Noregi hefur einnig dregið til sín Ísfirðinga undanfarin ár en hún er þekktasta almenningsgangan í Noregi.

Frá starti í hinni ítölsku Marcialongagöngu sem er 70 km löng og gengin með hefðbundinni aðferð.

Stimplum safnað í sérstakan passa

Ein er sú mótaröð sem fáir Íslendingar hafa verið að taka þátt í en hún heitir Worldloppet. Þessi mótaröð nýtur mikilla vinsælda víða um heim. Hún samanstendur af 14 mótum í 14 löndum og 4 heimsálfum. Til þess að gerast þátttakandi þarf maður að byrja á því að kaupa sér Worldloppet passa. Í þennan passa á svo að safna stimplum sem maður fær í lok hverrar göngu. Til þess að hljóta titilinn „Worldloppet Goldmaster" þarf að ljúka 10 göngum, en hver ganga gildir aðeins einu sinni þannig að ekki er hægt að næla sér í titilinn með því að taka þátt í sama mótinu 10 ár í röð. Menn þurfa því að ferðast til 10 landa og í þokkabót þarf að ganga í a.m.k. tveimur heimsálfum. Það eru engin takmörk fyrir því hversu langan tíma fólk getur tekið sér til að ljúka þessu verkefni. Sumir klára heilan passa á hverjum vetri og eru orðnir margfaldir „Worldloppet Goldmaster" en aðrir taka sér mörg ár eða áratugi í að klára einn passa. Hver og einn getur látið sínar aðstæður ráða.

Dolomitenlauf í Austurríki

Fimm Ísfirðingar eru þátttakendur í Worldloppet mótaröðinni. Tveir þeirra, Einar Yngvason og Gunnar Þór Sigurðsson, fóru í vetur og tóku þátt í þremur mótum í Evrópu. Hófst ferðin þann 19. janúar 2006 þegar þeir héldu til Austurríkis og tóku þátt í Dolomitenlauf sem er 60 km löng ganga með frjálsri aðferð og haldin í bænum Lienz Svona mót eru oftast a.m.k. þriggja daga viðburðir þar sem boðið er upp á ýmiss konar keppni og skemmtun á hverjum degi. Þannig byrjaði Dolomitenlauf á föstudagskvöldi með sprettgöngu á torgi bæjarins. Á laugardegi var keppt í styttri vegalengdum en aðalgangan fór svo fram á sunnudeginum. Ræst var kl.10:00 í blíðskapar veðri og voru þátttakendur um 3 þúsund og lögðu allir af stað í einu. Brautin var mjög flöt og ekki nema tvær brekkur sem eitthvað kvað að. Höfðu hvorki Einar né Gunnar skautað svona langt í keppni áður og reyndar hafði enginn Íslendingur keppt áður í svona langri skautagöngu. Eðlilega urðu þeir félagar mjög lúnir við þessi átök, en skiluðu sér í mark og voru mjög sáttir við árangurinn. Daginn eftir tóku þeir því rólega, enda veitti ekki af góðri hvíld fyrir næstu átök.

Marcialonga á Ítalíu

Næst lá leiðin til Ítalíu til að taka þátt í hinni 70 km löngu Marcialonga sem liggur frá bænum Moena til Cavalese. Bættust nú tveir Ísfirðingar

Startað í Marcialongagöngunni.

Frá Dolomitengöngunni í Austurríki.

Markið í Dolomitengöngunni.

X3
champion series classic
Ole Einar Bjørndalen NOR
MADSHUS
Erum með umboð fyrir MADSHUS
RODE SKIWAX
SKÍÐAÁBURÐUR
fyrir svigskíði, bretti og gönguskíði
RODE SKIWAX
FG20 FLUOR GLIDER BLUE
-6° -12° gr. 50
FG30 FLUOR GLIDER VIOLET
-2° -7° gr. 50
FG40 FLUOR GLIDER RED
0° -4° gr. 50
FG50 FLUOR GLIDER YELLOW
+1° -2° gr. 50
FC1 FLUOR
+2° -4° gr. 30
FC2 FLUOR
-1 -8 gr. 30
FC4 FLUOR
-2 -8 gr. 20
FC3 FLUOR
-3° +8° gr. 20
Áburðarþjónusta
fyrir gönguskíði
NÚPUR
Núpur ehf.
Dreifingaraðili fyrir RODE
Ljóninu, Skeiði 1, Ísafirði
Sími 456 3114 • www.nupur.is

Start í König Ludwig göngunni í Þýskalandi.

Auglýsingaspjald við brautina í Oberammergau.

Marklínan í König Ludwig göngunni.

í hópinn, hjónin Kristbjörn Sigurjónsson og Rannveig Halldórsdóttir. Hópurinn gisti í bæ sem heitir Ziano og er nokkuð miðsvæðis í brautinni. Marcialonga svipar nokkuð til Vasagöngunnar, hún er gengin með hefðbundinni aðferð, nokkuð upp á móti fyrst en er svo mjög auðveld þar til tveir km eru eftir. Þá byrjar samfellt klifur alla leið í mark og er hækkunin u.þ.b. 200 metrar.

Gangan fór fram sunnudaginn 29. janúar og var fyrstu keppendum startað um kl. 8:30, en nokkurra mínútna bil er haft á milli ráshópa til að minnka hættuna á örtröð í brautinni. Milli 4 og 5 þúsund manns tóku þátt þetta árið og þar af um 1200 Norðmenn. Eitt aðal einkenni Marcialonga er að brautin liggur í gegnum marga smábæi og þarf stundum að fara um þröng húsasund. Markið er í miðbæ Cavalese og til að komast þangað þarf að fara upp tveggja km brekku eins og fyrr sagði. Menn eru svo sem ekkert óvanir því að ganga langar brekkur en það er verra þegar maður er búinn að ganga 68 km áður en kemur að brekkunni. Öll kláruðum við þetta samt með sóma og einnig tveir herramenn frá Húsavík sem við hittum þarna. Síðasti maðurinn til að klára gönguna var rúma 10 tíma á leiðinni en það er ekkert leiðinlegt því fimm síðustu fá sérstök verðlaun fyrir afrekið.

König Ludwig Lauf í Þýskalandi

Næsta ganga á dagskránni var König Ludwig Lauf og lá nú leiðin til Þýskalands í bæ sem heitir Oberammergau og er u.þ.b. 17 km frá hinum fræga skíðabæ, Garmisch Partenkirchen. Gist var á þessu líka fína hóteli sem líktist helst heilsuhæli, maturinn eftir því og átu menn kál í flest mál. Einar, Gunnar og Kristbjörn kepptu síðan laugardaginn 4. febrúar en brautin er 50 km löng og gengið með frjálsri aðferð. Ræst var kl 9:00 í smábæ sem heitir Ettal, en markið var á fótboltavellinum í Oberammergau. Ísþoka lá yfir dalnum þegar lagt var af stað og ekki laust við að hrollur færi um okkar menn. Allir keppendur voru ræstir í einu, eitt hvað um 3000 manns, og var töluvert mikil örtröð fyrstu kílómetrana enda brautin þröng á kafla. Annars var hún nokkuð skemmtileg og á köflum krefjandi, brött brekka var í henni eftir u.þ.b. 30 km en síðustu 20 km frekar flatir.

Að göngunni lokinni tóku Einar og Gunnar saman föggur sínar og héldu til Innsbruck en Kristbjörn og Rannveig kepptu hins vegar á ný í sömu braut daginn eftir með hefðbundinni aðferð. Á meðan sátu Einar og Gunnar um borð í flugvél á leið til Íslands og um kvöldið var haldið áfram keyrandi til Ísafjarðar. Þar með var þessari ferð lokið og nú er þegar byrjað að undirbúa þá næstu, en ætlunin er að heimsækja Eistland og Finnland veturinn 2007.

Íþróttamiðstöðin Árbær Bolungarvík

Opnunartími sundlaugar um páskana

Fimmtudagur 13. apríl - Skírdagur
kl. 14.00 - 18.00

Föstudagur 14. apríl - Fös. langi
Lokað

Laugardagur 15. apríl
kl. 10.00 - 18.00

Sunnudagur 16. apríl - Páskadagur
Lokað

Mánudagur 17. apríl - 2. í páskum
kl. 14.00 - 18.00

Opnunartímar sundlaugar vorið 2006

Morguntími fyrir almenning í sundlaug
Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga
- Frá kl 06.00 til kl 10.00 í sundlaug
- Frá kl. 07.00 til kl. 10.00 í þreksal

Síðdegistími fyrir almenning
Mánudaga
- Frá kl 16.00 til 19.00

Aðra virka daga
- Frá kl 16.00 til 21.00

Laugardaga opið frá kl. 10.00 til 18.00
Sunnudaga opið frá kl.10.00 til 16.00

Velkomin!

Árbær
ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ
BOLUNGARVÍK
Sími: 456-7381

Frá verðlaunaafhendingu á Unglingameistaramóti Íslands 2006 sem fram fór á Akureyri 16. til 19. mars. (Ljósm. Finnbogi Marinósson / www.skidi.is)

Örvar Dóri Rögnvaldsson, Stefán Pálsson og Brynjólfur Óli Árnason slaka á eftir erfiðan dag í Noregi.

Rannveig Jónsdóttir, María Halldórsdóttir og Silja Rán Guðmundsdóttir á skíðamóti í Næroset í Noregi.

Boðgöngusveitir á Unglingalandsmótinu á Akureyri í mars 2006. Sigruðu sveitir Ísfirðinga auk þess sem stelpurnar áttu líka sveit í 3. sæti. Sigursveit strákanna var skipuð þeim Stefáni, Agli og Sigurjóni en sigursveit stelpnanna var skipuð þeim Rannveigu, Sólveigu og Katrínu. Í 3. sæti voru Ingibjörg, Silja og María. (Ljósm. Hermanns Sigtryggson og Baldvin Stefánsson / www.skidi.is)

Göngusskíðakrakkar á ferð og flugi

Sigursveitin í boðgöngu kvenna á Skíðalandsmóti Íslands á Ólafsfirði 2006. F.v.: Sólveig Guðmundsdóttir, Rannveig Jónsdóttir og Stella Hjaltadóttir. (Ljósm. Magnús A. Sveinsson / www.simnet.is/skiol)

Ýmsar myndir frá Skíðalandsmóti Íslands 2006. Uppi t.v.: Stefán Pálsson fagnar sigri í boðgöngunni. Uppi t.h.: Arnar Björgvinsson klár í startið fyrir boðgönguna. Niðri t.v.: Kristján Ásvaldsson þungt hugsi að keppni lokinni. Niðri t.h. Øyvind Olstad þjálfari ánægður með sitt fólk á Skíðalandsmótinu á Ólafsfirði. (Ljósm. Magnús A. Sveinsson / www.simnet.is/skiol)

Øyvind þjálfari kennir réttu tæknina.

Þjálfarar Skíðafélags Ísfirðinga

Viðtal við Birnu

Tekið af
Þórhildi Bergljótu Jónasdóttur

Fullt nafn: Birna Pálsdóttir.
Aldur: 20 ára.
Starf/nám: Er í menntskóla og að vinna í BT.
Hvað ætlarðu að gera í framtíðinni? Klára háskóla og búa erlendis.
Hvað ertu búin að þjálfa lengi? Fjögur ár.
Hvaða hóp þjálfarðu? Átta ára og yngri.
Fjöldi: 25 – 30 krakkar.
Finnst þér gaman að þjálfa? Já, rosalega skemmtilegt.
Æfðirðu skíði sjálf? Já, frá fimm ára aldri.
Titlar og verðlaun: Ég vann nokkur heimamót.
Fórstu til útlanda að æfa eða keppa? Nei.
Hvers vegna skíði? Af því það er svo skemmtilegt.
Eftirminnilegt atvik tengt skíðunum? Þegar ég hangleggsbrotnaði á unglingameistaramóti.
Eitthvað að lokum: Ég á eftir að sakna krakkanna næsta vetur þegar ég fer í háskóla.

Viðtal við Fanney

Tekið af
Elenu Dís Víðisdóttur
og Söru Jóhannsdóttur

Með hvaða lagi hélstu í íslensku forkeppninni í Eurovision? Andvaka.
Vannst þú einhver merkileg verðlaun þegar þú æfðir skíði? Já.
Hvað varstu gömul þegar þú byrjaðir að æfa skíði? Ég var 6 ára.
Hvað varstu að æfa í mörg ár? 12 ár.
Hvaða íþróttum varst þú í öðrum en skíðum? Fótbolta og sundi.
Hvað heitir besti söngvarinn þinn? Celin Dion.

Viðtal við Kristínu

Tekið af
Heklu Dögg Guðmundsdóttur

Fullt nafn: Kristín Ólafsdóttir.
Hvað varstu gömul þegar þú byrjaðir að æfa skíðagöngu? Ég byrjaði 6 ára.
Hvernig líkar þér hópur 9 ára og yngri? Frábærlega hressir og skemmtilegir krakkar.
Ertu ánægð að þjálfa? Auðvitað.
Hefurðu farið til útland á skíði/keppa? Ég fór til Noregs í æfingaferð áramótin 2000–2001.
Fórstu einhverntíman á Andrésar andarleikana? Já, fjórum sinnum.
Hvað er uppáhalds skíðategundin þín? Fischer.
Eitthvað að lokum? Þið eruð frábærir krakkar!

Viðtal við Siggu Láka

Tekið af Gauta Geirssyni

Fullt nafn: Sigríður Björk Þorláksdóttir Baxter.
Með hvaða aldurshóp og hve marga krakka: Ég er með krakka á aldrinum 10–12 ára, í hópnum eru 19 krakkar en það eru svona 12 sem æfa reglulega.
Fjöldi æfinga: Við æfum 5 sinnum í viku.
Áhersluatriði í þjálfun: Ég legg áherslu á að vinna með hvern einstakling fyrir sig og skapa áhuga á íþróttinni fyrir lífstíð.
Hversu lengi verið þjálfari: Þetta er fyrsta árið mitt sem skíðaþjálfari.
Eftirminnilegt atvik: Þau gerast á næstum hverrri æfingu með krökkunum, enda skemmtilegir og lífsglaðir krakkar sem finnst gaman að vera í fjallinu og skíða.

Viðtal við Snævar

Tekið af
Emmu Jónu Hermannsdóttur

Hvað heitir þú? Snævar Viðisson
Hvað ertu gamall? 17 ára.
Hvenær byrjaðir þú að æfa skíði?
Mjög ungur.
Hver er þinn uppáhalds litur? Svartur.
Hvað ertu stór? 186 cm.
Átt þú kærustu? Nei.
Finnst þér gaman að þjálfa skíði? Já.
Hvað finnst þér skemmtilegra;
þoturass eða stigasleði? Stigasleði.
Hvaða þrjá hluti heldur þú mestu upp á?
Rúmið mitt, kaffibollann og fötin mín.
Hver er uppáhalds skíðamaðurinn þinn?
Emma Jóna.
Hvort finnst þér betra; appelsínur eða epli?
Epli.
Hvað ert þú að gera núna? Ég er í skóla
og vinn við þjálfun og hjá Orkunni.
Hvað ætlar þú að gera í framtíðinni?
Góða hluti.

Viðtal við Láka Baxter

Tekið af Elínu Jónsdóttur

Hvað heitirðu fullu nafni?
Þorlákur Baxter.
Hvenær áttu afmæli? 19. mars.
Hvað hefurðu verið þjálfari lengi?
Síðan 1984 með hléum.
Hefur þú einhvern tíman æft skíði? Nei.
Heldurðu að krakkarnir sem þú ert
að þjálfa eigi bjarta framtíð á
skíðunum? Alveg örugglega.
Finnst þér gaman að þjálfa? Já.
Hver er uppáhalds skíðamaðurinn þinn?
Ingimar Stenmark.

Viðtal við Stellu

Tekið af
Heklu Dögg Guðmundsdóttur

Fullt nafn? Stella Hjaltadóttir.
Hvað varstu gömul þegar þú byrjaðir að
æfa skíðagöngu? Ég var 14 ára.
Hvernig líkar þér hópur 9 ára og yngri?
Rosalega vel. Friskir og duglegir krakkar.
Ertu ánægð að þjálfa? Já mér finnst skemmtilegt að vinna með duglegum krökkum.
Hefurðu farið til útland á skíði/keppa? Já, ég hef farið í æfinga- og keppnisferðir til
Noregs, Svíðþjóðar, Finnlands, Austurríkis og Ítalíu.
Fórstu einhvern tímann á Andrésar andarleikana? Nei, ég keppti aldrei á Andrés en
ég hef margoft farið sem þjálfari.
Hvað er uppáhalds skíðategundin þín? Madshus.
Eitthvað að lokum? Stunda skíðin af áhuga og með jákvæðu hugafari.

Viðtal við Øyvind Olstad

Tekið af Rannveigu Jónsdóttur

Hver er besti árangur þinn á gönguskíðum? Ég var 12 ára þegar ég keppti á unglinga-
meistaramóti Noregs og var þar nr. 42 af 240. Svo vann ég líka fleiri keppnir á aldrinum
12–16 ára. Ég var fjórði á landsmóti Íslands á Ólafsfirði árið 2002. Ég fór líka 54 km í
Birkebeinerrennet á tímanum 4:00 klst. Það voru líka fleiri góðar keppnir en þá er ég ekki
að tala um merkileg úrslit.
Hvaða kosti þarf afreksmaður á gönguskíðum að hafa? Hann þarf að hafa mjög góða
tækni, gott þol, vera sterkur og geta ýtt sér áfram. Það finnst mér mikilvægast.
Er aðstaða til þjálfunar ólík hér og í Noregi? Já! Hérna er brautin mjög erfið og stutt en í
Noregi er hægt að ganga í margar klst. bara einn hring. Brautin hér er ein af bestu
keppnisbrautum sem ég hef skoðað í Noregi og hér á Íslandi.
Hvað hefur þú unnið lengi við að þjálfa gönguskíði? Ég var 18 ára þegar ég hætti að
æfa gönguskíði og byrjaði þá að þjálfa. Síðan eru liðin fjögur ár.
Hvað ætlast þú fyrir í framtíðinni? Ég á eftir tvö ár í háskóla og ætla að klára það. Þar
mun ég læra að verða topppjálfari.
Hvenær steigst þú fyrst á gönguskíði? Ég steig fyrst á gönguskíði fljótlega eftir að ég fór að
ganga, u.þ.b. 3 ára gamall.
Hvernig list þér á hópinn sem þú ert að þjálfa hér á Ísafirði? Þetta er mjög góður hópur
og ég held að flestir krakkanna í hópnum geti orðið mjög góð, - ef þau halda áfram að æfa.

Hlynur Snorrason, lögreglufulltrúi og verkefnisstjóri Vá Vesthópsins

FORELDRAR STERKASTIR Í FORVÖRNUM

Svolítið er það nú undarlegt að biðja mig um að skrifa grein í blað Skíðafélags Ísfirðinga, en hvað gerir maður ekki fyrir gott málefni? Ekki get ég státað af merkilegum ferli á skíðum, enda er ég alinn upp á Suðurlandinu þar sem það þóttu tíðindi ef snjó festi nærri byggð. Þegar ég fluttist hingað vestur á Ísafjörð, tvítugur að aldri, leysti annar bróðir minn mig út með gömlu svigskíðagræjunum sínum, enda þótti ljóst að drengurinn kæmist ekki inn í menningarlíf Ísfirðinga án þess að eiga skíði.

Sunnlenski svigskíðastíllinn

Fljótlega kynntist ég ísfirskri skíðakonu, Ölmu Björk Sigurðardóttur, sem varð síðan eiginkona mín. Ég kom með „sunnlenskan" svigskíðastíl vestur á Seljalandsdal sem varð aðhátursefni eiginkonunnar og annarra er til sáu. Auðvitað reyndi eiginkonan að kenna Sunnlendingnum nýjan og fallegri skíðastíl, en stoltið var þannig að ekki náðist samkomulag með hjónunum og ég hef eiginlega gefið svigskíðin upp á bátinn. Eiginkonan gaf karlinum gönguskíði fyrir nokkrum árum, svona sem ákveðin skilaboð að ég held, að láta brekkurnar eiga sig.

Áform um farsælan gönguskíðaferil

Gönguskíðaferill minn er rétt að byrja, hófst reyndar fyrir u.þ.b. 6 árum síðan eða svo þegar ég og góður vinur minn fengum Kjell Hymer, þáverandi félagsmálastjóra Ísafjarðarbæjar og gönguskíðaþjálfara frá Noregi, til að kenna okkur. Byrjað var á hálfrar klukkustundar kennslu og lofaði þetta góðu. Seinni hluti gönguskíðakennslunnar hefur ekki farið fram ennþá. Meðan ég hef hugtakið „góðir hlutir gerast hægt" til hliðsjónar á vonandi farsælum gönguskíðaferli mínum, er þessi áðurnefndi vinur minn á annarri skoðun. Helgina eftir umrædda hálftíma skíðakennslu mætti vinurinn á fyrsta gönguskíðamót sitt og hefur keppt á hverju mótinu á fætur öðru. Hann hefur oftar en ekki staðið á verðlaunapöllum og meira að segja gengið Vasagönguna. Sinn er hvor hátturinn hjá vinunum. Þessi vinur minn er enginn annar en Marzellíus Sveinbjörnsson og lesendur eru mér væntanlega sammála um að ég á langt í að standa jafnfætis honum. Þetta er nú allur skíðaferillinn minn, hingað til en áformin eru til staðar.

Gaman að sjá kynslóðirnar verja tíma sínum saman í heilbrigðu umhverfi

En aftur að skíðaíþróttinni hér á Ísafirði, sem gaman hefur verið að fylgjast með, úr þessari fjarlægð og ókunnugleika mínum þó. Það er fátt fallegra en hvítar brekkur og flatir, sérstaklega þegar sólskin skín og lognið er algjört. Þá skartar Skutulsfjörður sínu fegursta að mínum dómi. Sérstaklega er gaman að sjá kynslóðirnar verja tíma sínum saman í þessu heilbrigða umhverfi. Börnin mín þrjú hafa notið leiðsagnar móður sinnar á skíðum, reyndar voru þau vart farin að ganga þegar þau voru drifin á skíði og kennt að renna sér. Þetta eru dýrmætar samverustundir og þroskandi, ekki bara fyrir börnin heldur líka okkur foreldrana, Ölmu sem leiðbeinanda og mín sem áhorfanda, nestisbera og myndatökumanns.

Stundir sem gefa lífinu gildi

En samverustundir foreldra og barna eru ekki bara skemmtilegar heldur mikilvæg forvörn gagnvart ýmsum óheillavænlegum þáttum í umhverfi ungmenna. Það var viðurkennt fyrir löngu síðan að foreldrar eru mikilvægastir í forvörnum og það stendur. Það eru hins vegar ekki mörg ár síðan þeirri klisju var hrundið, að innihald samverustunda foreldra með börnum sínum skipti meira máli en tímalengdin. Þessu hefur nú verið snúið við með rannsókum, og má þar nefna skýrslu R&G, „Börnin í borginni" frá árinu 2001. En þar kemur það sterklega fram að það skipti mestu máli tímalengd samverustunda, en ekki endilega innihaldið. Sameiginlegt sjónvarpsgláp telur í þessu sambandi, en auðvitað er það skemmtilegast fyrir alla ef foreldrar og börn eiga sameiginleg áhugamál og verja samverustundum í þau. Skíðaíþróttin er einmitt gott dæmi um slíkt, hvort heldur við tölum um svigskíði, gönguskíði eða snjóbrettaiðkun, sem kallað hefur verið jaðarsport. Það er líka gaman að fara í huganum yfir þær fjölskyldur sem hafa þessa skíðabakteríu, ekki aðeins foreldrar og börn saman, heldur líka afar og ömmur og jafnvel langafar og langömmur eiga þar margar og góðar stundir. Ef slíkar stundir gefa ekki lífinu gildi þá eru þær vart til. Í þessu sambandi má geta þess að rannsóknir, a.m.k. allt frá árinu 1993, hafa sýnt að neikvæð áhrif jafningjahóps á börn hvað varðar vímuefnaneyslu hafa minni áhrif eftir því sem börnin verja meiri tíma með foreldrum sínum. Þannig getum við með sanni sagt að foreldrar séu sterkastir í forvörnum og enginn komi í staðinn fyrir þá. Við foreldrar höfum þessar gersemar aðeins að láni í mislangan tíma og þess vegna er mikilvægt að nota tíman vel, með þeim.

Það eru ekki mörg ár síðan þeirri klisju var hrundið, að innihald samverustunda foreldra með börnum sínum skipti meira máli en tímalengdin.

Um leið og ég óska Skíðafélagi Ísfirðinga til hamingju með blaðið vil ég færa máttarstólpum þess mínar bestu þakkir fyrir mig og mína.